



Jaroslav Tomana, ofursti í tékkneska flughernum, er maðurinn sem ber ábyrgð á loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins við Ísland. Hann er stýrir 66 tékkneskum hermönnum og hefur fimm JAS-39C Gripen þotur til að sinna gæslunni. Tomana segir starfið á Íslandi nýtast vel til æfinga en þegar Fréttablaðið bar að garði var herinn að undirbúa lágflug yfir sjó. Sjá síðu 12 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Útspil Pírata óþörf klækjastjórnsmál

Píratar hafa boðað formenn fjögurra flokka til fundar við sig um mögulegt stjórnarsamstarf og drög að stjórnarsáttmála sem kynna á tveimur dögum fyrir kosningar. Útspilið fer misjafnlega ofan í stjórnsmálsmenn sem finnst þeim stillt upp við vegg.

STJÓRNSMÁL Viðbrögð stjórnsmálmanna eru heldur dræm við til lögu Pírata um kosningabandalag og drög að stjórnarsáttmála fimm flokka fyrir kosningar. Píratar hafa sent formönnum Viðreisnar, Vinstri grænna, Samfylkingar og Bjartrar framtíðar bréf þar sem þeir eru boðaðir á fund nefndar sem Píratar hafa myndað um ríkisstjórnarmyndun.

„Við erum auðvitað opin fyrir því að mæta á fund með öllum þessum flokkum og fara yfir stöðuna. Mér skilst að Píratar séu að óska eftir fundi með hverjum og einum en ég legg áherslu á að ef það á að funda um þetta mál þá verði allir að sitja við borðið,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður VG.

Í yfirlýsingu Pírata kemur fram að

Píratar muni ekki taka þátt í ríkisstjórnarsamstarfi með flokkum sem ekki geta skuldbundið sig til ákveðinna verka fyrir kosningar. Í samtölum blaðsins við stjórnsmálsmenn er ljóst að þessi fullyrðing hefur farið öfugt ofan í ýmsa innan stjórnsmálaflokkanna sem finnst sér vera stillt upp við vegg.

„Það sem mér hefði þótt eðli-

Það eru ákveðin klækjastjórnsmál að stilla fólki upp við vegg fyrirfram.

Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar



legt í þessu sambandi er að fólk hefði talað saman áður en blásið er til blaðamannafundar. Það eru ákveðin klækjastjórnsmál að stilla fólki upp við vegg fyrirfram. Þarna er verið að reyna að taka Viðreisn út fyrir sviga og stilla þeim upp sem hækju stjórnvalda. Mér finnst það óþarfi,“ segir Björt Ólafsdóttir þingmaður. - snæ / sjá síðu 4

Rannsókn kynferðisbrota hæg vegna manneklu

LÖGREGLUMÁL Allt kapp er lagt á að ráða inn starfsfólk í kynferðisbrota-deild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu en starfsfólk þar er undir miklu álagi. Hátt í 200 ný mál hafa komið á borð deildarinnar á þessu ári, sem skiptast á fjóra rannsóknar-lögreglumenn.

„Við erum að reyna að fá fleira fólk en það er hörgull á lögreglumönnum vegna þess að það útskrifuðust bara sextán úr Lögregluskólánum núna. Það vantar á alla stadi. Við viljum gjarnan gera betur og viljum að kynferðisbrota-deildin njóti forgangs,“ segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

Enginn mannskapur var ráðinn í deildina í afleysingar í júlí en á sama tíma voru 36 kynferðisbrot tilkynnt.

Við viljum gjarnan gera betur og viljum að kynferðisbrota-deildin njóti forgangs.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri



Deildin er skipuð sex mönnum þegar hún er fullmönnuð og má því illa við skakkaföllum.

„Við höfum reynt að styrkja þessa deild og vonum að það gangi eftir. Þetta er langvarandi niðurskurður sem á við lögregluna í heild og vonandi verður tekið á,“ segir Árni Þór Sigurðsson, yfirmaður kynferðisbrota-deildarinnar. - snæ / sjá síðu 8



Ólafur Ólafsson fjárfestir.

Segir skilyrðin vera uppfyllt

DÓMSMÁL Ólafur Ólafsson, kenndur við Samskip og einn hinna sakfelldu í Al-Thani málinu, hefur stefnt íslenska ríkinu.

Ólafur fer fram á að úrskurður endurupptökunefndar frá í janúar, þar sem því var hafnað að taka Al-Thani málið upp að nýju, verði felldur úr gildi og viðurkennt að skilyrði fyrir endurupptöku séu uppfyllt. - jkj / sjá síðu 17

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Tryggvi Kr. Magnússon skrifar hugleiðingu á alþjóðadegi fátæktar. 16

SPORT Sterkar stelpur að koma upp í hópímleikum. 20

LÍFIÐ Trúðslæti vekja óhug, lögregluþyrifvöld um allan heim fá þessa dagana tilkynningar um skuggalega trúða sem hræða fólk. 32

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• FASTEIGNIR • BADHERBERGI

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


Pinex®
Smelt

Munndreifitöflur
250 mg



Actavis

Veður



Austlæg átt, 3-8 en hvassari með suðurströndinni. Dálítil væta, en skýjað og þurr að kalla á vesturhelmingi landsins. Hiti víða 5 til 10 stig. **SJÁ SIÐU 24**



Börn á Akranesi hafa slasast vegna hrekkja. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Stórhættuleg skemmdarverk á hjólum barna

SAMFÉLAG Í haust hafa komið upp þrjú til fjögur tilvik þar sem átt hefur verið við öryggisbúnað á hjólum nemenda í Grundaskóla á Akranesi. Slík atvik hafa einnig komið upp í öðrum skólum og við íþrótt- og frístundamiðstöðvar í öðrum sveitarfélögum. Eitt barn við skólann féll fram fyrir sig og skræmadist í andliti.

Sigurður Arnar Sigurðsson, skólastjóri Grundaskóla, segir þessa hegðun stórhættulega en skólinn sendi tilkynningu til foreldra barna á mið- og unglingsstigi skólans. „Vissulega er þetta áhyggjuefni því það eru til dæmi þar sem barn hefur meitt sig. Þetta er stórhættulegur leikur og aðalatriðið er að fyrirbyggja þetta. Eflaust átti þetta að vera grín en þeir sem framkvæma þetta eru kannski ekki að gera sér grein fyrir alvarleikanum. Því miður virðist þetta ekki bara vera að ganga hér hjá okkur, ég hef heyrt af þessu vandamáli víðar,“ segir Sigurður.

Upphafið má rekja til myndbanda á Youtube þar sem átt er við öryggisbúnað reiðhjóla þar sem eigandinn svo dettur kylliflatur. Enn hafa engin bein brotnað vegna hrekkjana í Grundaskóla en Sigurður segist hafa heyrt af alvarlegri slysum annars staðar. „Við ákváðum að bregðast við með því að senda út tilkynningu og við þurfum að sameinast um að uppræta þetta. Ég get ekki ímyndað mér að sá sem er að stunda þetta geri sér grein fyrir hvaða skaða hann gæti valdið.“ Sigurður segist vona að hrekkjunum sé nú lokið en skólinn mun þó áfram fylgjast með svæðinu þar sem hjólin er geymd. - bbh

Í fullu svingi



Dansarar, ungir sem aldnir, léku listir sínar á UMSK dansmótinu sem fram fór í Smáranum í Kópavogi í gær. Dansfélag Kópavogs, Dansfélagið Hvönn og Dansdeild HK stóðu að mótinu. Mótið er eitt glæsilegasta dansmót ársins og fer stækkandi ár frá ári. Auk dansara frá Íslandi mættu dansarar frá Noregi, Danmörku og Írlandi. Dansinn dunaði frá klukkan tíu í gærmorgun og langt fram á kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Margir íbúar Alaska eru af inuítaættum.

Nyrsta borgin fær nýtt nafn

BANDARÍKIN Íbúar nyrstu borgar Bandaríkjanna, Barrow í Alaska, hafa samþykkt að breyta nafni borgarinnar í Utqiagvik. Flestir íbúar borgarinnar eru af inuítaættum og Utqiagvik, sem þýðir „staðurinn þar sem hvítar uglur eru veiddar“, er nafnið sem inuítar gáfu svæðinu þegar þeir settust þar að fyrir um 1.500 árum. Kosningin um nafnbreytinguna stóð tæpt, þar sem 381 kaus með breytingunni og 375 voru á móti. - kg

Tveggja ára gæsaskytta fékk fjórar í fyrstu ferð

Ylfa Mjöll Marvinsdóttir fór á gæsaveiðar með foreldrum sínum um helgina. Lék sér róleg með bolta þegar foreldrarnir skutu fjórar gæsir enda með góðar heyrnarhlifar. Veiðar eru fjölskyldusport, segir faðirinn stoltur.

SAMFÉLAG Þau Karen Andrea Heimisdóttir og Marvín Ómarsson tóku dóttur sína, hina tveggja ára Ylfu Mjöll, með sér á klukkutíma langt gæsaskyrtteri um helgina. Stúlkan sat róleg og lék með boltann sinn þegar gæsaþur flaug yfir og náðu foreldrarnir fjórum fuglum. „Veiðar eru frábært fjölskyldusport og henni fannst ótrúlega gaman,“ segir Karen.

Amman og afinn voru upptekin þennan dag og það viðraði vel til gæsaveiða. Stutt frá heimili þeirra, við Svarthamra sem eru skammt frá Neskaupstað, er lítið vatn þar sem gæsir koma reglulega. „Við ákváðum að rólta niður eftir með hana í bakpokanum og athuga hvort það kæmi flug. Við vorum í rúman klukkutíma. Við vildum líka aðeins sjá hvernig hún yrði því við vorum í veiðigallanum með byssurnar en hún kvartaði ekkert og fannst þetta mjög skemmtilegt.“

Marvín setti inn færslu á lokaðan hóp skotveiðifólks þar sem hann lýsti veiðiferðinni. „Stundum er veiðin bara góð fjölskyldustund. Fyrsta veiðiferð dóttur okkar og fannst henni mjög gaman. Vorum í klukkutíma og fórum heim með 4 gæsir, hefði ekki getað verið betra,“ skrifaði Marvín. Viðbrögðin hafa verið mjög jákvæð. „Það er oft mikið af myndum þarna inni frá fólki sem er að skjóta mikið af magni þannig að það var ágætt að setja þarna inn að þetta er líka



Mæðgurnar Karen og Ylfa biða rólegar út í náttúrunni. Til vinstri er svo fjölskyldumynd með aflann sem kom þetta kvöld.

Hún hafði mjög gaman af þessu og vissi að við ætluðum að reyna að veiða fuglana sem kæmu.

Karen Andrea Heimisdóttir

krúttlegt fjölskyldusport. Kíkja í stutta stund með fjölskyldunni og veiða nokkrar gæsir. Ylfa finnst gaman að umgangast fugla og við

vildum sýna henni að þetta er edlilegt, og fyrir okkur er edlilegt að veiða í matinn. Hún hafði mjög gaman af þessu og vissi að við ætluðum að reyna að veiða fuglana sem kæmu. Hún sat hjá okkur með boltann sinn og kipti sér lítið upp við það þegar við skutum enda með góðar heyrnarhlifar – og við öll. Hún er alveg þokkalega vön byssum því við þurfum stundum að skjóta á varg sem er hér í kringum okkur.“ benediktboas@frettabladid.is

28. október í 4 nætur

Frá kr. **79.995** m/morgunmat

21 FYRIR á flugsæti m/gistingu

FLUGSÆTI ÁBÚR KR. 89.900 NÚ KR. 44.950

RÓM

Hotel Eurostars Palace

Netverð á mann frá kr. 79.995 m.v. 2 í herbergi.

Heimsferðir

Ljósleiðari hjá Nova

Mesti hraði: 1.000 Mb/s

Ljósleiðari, öflug háhraðanettenging inn á nútímaheimilið. Einfaldaðu þér lífið, slepptu heimasíma og sjónvarpsboxi og horfðu á sjónvarpið yfir netið.

Við bjóðum 1.000 Mb/s hraða á sama verði og 500 Mb/s hraða út árið!

Gerðu verðsamanburð, fáðu ljósleiðara hjá Nova og lækkaðu netreikninginn.

100^{GB}

Netið hjá Nova 3.990 kr.

Aðgangsgjald 500 Mb/s 2.680 kr.
Leiga á beini 690 kr.

Samtals: 7.360 kr.

Hver 100^{GB} umfram 990 kr.

1.000^{GB}

Netið hjá Nova 5.990 kr.

Aðgangsgjald 500 Mb/s 2.680 kr.
Leiga á beini 690 kr.

Samtals: 9.360 kr.

Hver 100^{GB} umfram 990 kr.

1.000 Mb/s hraði: 3.180 kr. en á sama verði og 500 Mb/s til 1. jan. 2017.

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

Brjóstakrabbamein karla enn þá sagt mikið feimnismál

SAMFÉLAGSMÁL Á hverju ári greinast tveir karlmenn að meðaltali á ári með brjóstakrabbamein og eru þeir um eitt prósent þeirra sem greinast. Forstjóri Krabbameinsfélagsins segir umræðu um þann hóp skammt á veg komna og þetta sé mikið feimnismál karla.

„Það er alveg rétt að um eitt prósent þeirra sem greinast með brjóstakrabbamein eru karlar. Þó konur séu auðvitað í miklum meirihluta þeirra sem greinast með brjóstakrabbamein eru karlmenn líka með brjóst-

vef og geta fengið þennan sjúkdóm,“ segir Kristján Oddsson, forstjóri og yfirlæknir Krabbameinsfélagsins. „Brjóstakrabbamein hefur í umræðunni langmest verið beint að konum en við litum alls ekki á brjóstakrabbamein karla sem léttvægara mál. Umræðan er bara ekki lengra komin en þetta.“

Á landinu í dag eru um 25 karlmenn á lífi sem greinst hafa með brjóstakrabbamein. Nú stendur yfir bleikur október þar sem seldar eru bleikar slaufur til að minna á brjóstakrabbamein undir slagorðinu „Fyrir mömmu“. Kristján segir karlmenn ekki vita mikið um það að þeir geti eins greinst með brjóstakrabbamein eins og konur. „Hjá okkur er það

25

karlar voru á lífi í árslok 2014 sem greinst höfðu með brjóstakrabbamein

krabbamein undir slagorðinu „Fyrir mömmu“. Kristján segir karlmenn ekki vita mikið um það að þeir geti eins greinst með brjóstakrabbamein eins og konur. „Hjá okkur er það

40

konur láta lífið að meðaltali á hverju ári úr brjóstakrabbameini

þannig að þegar brjóstaskoðunum kvenna er lokið og allir farnir úr húsinu, þá mæta karlarnir í skoðun. Þetta er eitthvað sem við ættum auðvitað að huga einnig að,“ segir Kristján.

Lára G. Sigurðardóttir, fræðslustjóri hjá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins, segir karlmenn eiga erfðara með að ræða eigin sjúkdóm en konur. Umræðan geti hins vegar hjálpað. „Það hefur sýnt sig að geti einstaklingar rætt um mein sitt opinskátt þá vegni þeim betur í baráttu sinni. Því er mikilvægt að opna á alla umræðu og við sjáum að eftir umfjallanir um krabbamein þá bæði fjölga komum til okkar og sjúklingar eru opnari fyrir því að ræða baráttu sína.“
sveinn@frettabladid.is



Formaður Félags fasteignasala segir algjöran skort á íbúðum á 40 milljónir króna eða minna. Vegna framboðsskorts er salan farin að minnka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lítið framboð fasteigna hefur hægt á markaðinum

VIÐSKIPTI Þrátt fyrir uppsveiflu í efnahagslífinu og verðhækkunar á fasteignamarkaði er samdráttur í sölu fasteigna. „Það er minna framboð af eignum úti á markaðnum. Þar af leiðandi eru færri tækifæri fyrir kaupendur sem hefur leitt til þess að salan hefur dregist aðeins saman,“ segir Kjartan Hallgeirsson, formaður Félags fasteignasala.

Samkvæmt tölum Þjóðskrár var 636 kaupsamningum þinglýst í september síðastliðnum og nam heildarveltan 28,9 milljörðum króna, en í september 2015 var 875 kaupsamningum þinglýst og veltan 36,2 milljarðar. Samdrátturinn í fjölda samninga er 27,3 prósent. Sama mynstur var uppi í ágúst þegar 624 samningum var þinglýst miðað við 780 árið á undan.

Kjartan segir að stærsti kaupendahópurinn sækist eftir íbúðum sem kosta 40 milljónir eða minna. „Það er svo til engar nýbyggingar að fá fyrir þann hóp,“ segir hann og bætir við að þær nýbyggingar sem hafi verið í sölu hafi einkum verið verðlagðar á 50 til 60 milljónir eða meira. Ekki sé útlit fyrir að framboð af ódyrari eignum aukist á næstunni.

Þá bendir Kjartan á að húsnæðisverð hafi hækkað mikið, einkum á



Kjartan Hallgeirsson, formaður Félags fasteignasala

þessu ári. Það hafi leitt til þess að sumar eignir seljist hreinlega ekki. „Markaðurinn er miklu meðvitaðri í dag en hann var til dæmis árið 2007, þegar þú varst hvort sem er að fá allt lánað. Þú þarft að hafa þitt eigið fé núna og það hefur áhrif,“ segir hann.

Kjartan segir einna mest framboð á nýjum íbúðum vera í Garðabæ og Kópavogi, en einnig Hafnarfirði. „Það má ekki gleyma því að eitt það hverfi sem hefur hækkað hvað mest eru Vellirnir. Það er hverfi sem hefur hækkað hvað mest,“ segir Kjartan. Það hverfi hafi allt sem þarf. „Allir innviðir eru þarna. Þú ert með Haukana þarna og flotta íþróttastöðu, allar verslanir þarna komnar upp og sérbylí og blokkir í bland. Það var mikið gert grín að þessu hverfi lengi vel. En ég held eftir á að hyggja að þessi hugmynd hafi gengið upp,“ segir Kjartan.

jonhakon@frettabladid.is

Segir Pírata opinbera sig sem vinstriflokk

Tillaga Pírata um stjórnarsamstarf á vinstrivængnum leggst misjafnlega í stjórnmálaleiðtoga flokkanna. Viðreisn er ekki spennt fyrir þátttöku og segist vilja leggja sín baráttumál á borð kjósenda ómenguð. Utanríkisráðherra segir tillöguna hafa floppað með dræmum viðbrögðum stjórnmálaleiðtoganna.

STJÓRNMÁL „Ég myndi segja að þetta útspil þeirra hafi floppað. Viðreisn tekur ekki vel í þetta og Björt framtíð er líka skeptisk á þetta,“ segir Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra um tilboð Pírata til stjórnarandstöðuflokkanna þriggja og Viðreisnar að mynda kosningabandalag og kynna niðurstöðu viðræðnanna tveimur dögum fyrir kjördag.

Tillaga Pírata var kynnt á blaðamannafundi í gær sem Birgitta Jónsdóttir þingmaður las upp tilkynningu þess efnis að sú hefði hefði skapast í íslenskum stjórnmálum að loforð væru svikin eftir kosningar. Markmið áætla Pírata sé að kjósendur viti fyrirfram hvað flokkarnir ætli sér að standa við og geti tekið upplýstari ákvörðun um val sitt á kjördag. Þá sagði í yfirlýsingunni að Píratar muni ekki taka þátt í ríkisstjórnarsamstarfi með þeim flokkum sem ekki geti skuldbundið sig til ákveðinna verka fyrir kosningar.

„Þeir hafa algjörlega kastað grimunni. Ég held að margir hafi litið svo á að hér væri um einhvern óhefðbundinn flokk að ræða en hér er bara um gamaldags vinstriflokk að ræða,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, varaþingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins. Hann segir þó ekki koma á óvart ef Viðreisn vill fara í vinstri-stjórn því þeir hafi ekki farið í felur með að vilja starfa til vinstri.

Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar segir að með þessu séu Píratar að stilla Viðreisn upp sem hækju stjórnvalda vegna þess hve erfitt Viðreisn eigi með að



Píratar vilja byggja stjórnarmyndunarviðræðurnar við fimm grunnáherslumál sín. Þau eru ný stjórnarskrá, auðlindir í almannabágu, gjaldfrjáls heilbrigðisþjónusta, aukin þátttaka almennings í ákvarðanatöku og átak gegn spillingu. FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK ÞÓR

Þetta horfir öðruvísi fyrir okkur en þeim sem eru búnir að vera á þingi.

Benedikt Jóhannesson formaður Viðreisnar



svara kalli um stjórnarmyndunarviðræður.

Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, er ekki alveg sammála því. „Okkur finnst eðlilegt að við sem nýr flokkur stillum upp okkar baráttumálum sem við teljum að eigi erindi við kjósendur. Þetta horfir öðruvísi fyrir okkur en þeim

sem eru búnir að vera á þingi. Ég hugsa að við séum kannski harðari á því en einhverjir flokkar að vilja ná okkar stefnumálum fram.“

Þeir stjórnmálamenn sem Fréttablaðið ræddi við voru sammála um hæpið væri að ná að mynda drög að stjórnarsáttmála á næstu þrettán dögum samhliða því að vera í kosningabaráttu, sérstaklega þegar fylgið er á jafn mikilli hreyfingu og raun ber vitni. Innanbúðarmaður í Sjálfstæðisflokknum sagði útspilið hreinan og kláran dónaskap við þá flokka sem boðaðir væru til stjórnarmyndunarinnar. Flokksmenn Samfylkingar virðast þó hvað ánægðastir með framtakið og vilja margir ráðast á fullt í viðræðurnar.
snaeros@frettabladid.is



Fiskréttur vikunnar

17. - 21. október

Keila á gríska vegu

★ 1.890 kr. kg.



Hlíðasmára 8 | Skipholt 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | facebook



MJÓLKIN GEFUR STYRK



Góðgerðarferðurnar eru mættar á vakt!

D-vítamínbætt léttmjólk bregður sér tímabundið í nýjan búning. Markmiðið er að safna 15 milljónum króna fyrir Landspítalann til kaupa á búnaði sem auðveldar greiningu á brjóstakrabbameini og renna 30 kr. af hverri seldri fernu til þessa góða málefnis.



SJÁUMST BETUR Í VETUR

Nýju húfurnar fyrir börn F plús viðskiptavina eru komnar. Húfurnar eru hlýjar og litríkar með glitþráðum sem auka sýnileikann á dimmum vetrarmorgnum. Tryggðu barninu þínu ljómandi fallega húfu á þjónustuskrifstofu VÍS án endurgjalds - meðan birgðir endast.



VÍS

Vill syrgja föður sinn í ár

TAÍLAND Krónprins Taílands, Maha Vajiralongkorn, vill fresta því um ár að verða krýndur konungur Taílands. Hann segist þurfa meiri tíma til þess að syrgja föður sinn sem lést á fimmtudag.

Bhumibol Adulyadej, faðir Maha og sá konungur sem lengst hafði setið á valdastóli áður en hann lést, var gífurlega vinsæll í Taílandi. Ríkir nú þjóðarsorg en þúsundir Taílandinga þyrptust út á götur Bangkok til þess að verða vitni að útför hans.

Á meðan beðið er eftir Maha gegnir Prayuth Chan-ocha, fyrrum forsætisráðherra, embætti ríkisstjóra og sinnir hann skyldum konungs. Núverandi forsætisráðherra gerði tilraun til þess að

sefa sorg landa sinna í sjónvarpsávarpi í gær og sagði að Taílandingar þyrftu engar áhyggjur að hafa af konungsembættinu.

Maha er 64 ára og hafa verið uppi efasemdir um að hann ráði við konungsembættið. Hann hefur þrívægis skilið við eiginkonu sína og foreldrar síðustu eiginkonu hans voru fangelsaðir fyrir að misnota titla konungsembættisins. Sagt er að hann eigi minnst fimm börn með hjákonu sinni.

Ljóst þykir þó að Maha muni taka við konungsembættinu. Hann nýtur stuðnings herstjórnar Taílands auk þess sem afar ströng lög eru í gildi í Taílandi um hver eigi að taka við af konunginum þegar hann fellur frá, Maha öðrum fremur í vil. - tpt



Maha Vajiralongkorn, krónprins Taílands.

Fátækt

er ekki náttúrulegt mál!

Morgunverðarfundur um mataraðstoð föstudaginn 21.10. kl. 8:30 á Grand Hótel.

Uppl. og skráning á Facebooksíðu EAPN á Íslandi.

EUROPEAN ANTI POVERTY NETWORK
EAPN ÍSLAND
PEOPLE EXPERIENCING POVERTY
PEPP ÍSLAND



Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu segir að tuttugu nýir lögreglumenn hafi verið ráðnir inn í almennu deildina nýverið. Það skapi rými til að fjölga í öðrum deildum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Afar fáir að störfum í kynferðisbrotadeild

Allt kapp er lagt á að ráða inn starfsfólk í kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu en starfsfólk þar er undir miklu álagi. Hátt í 200 ný mál hafa komið á borð deildarinnar á þessu ári sem skiptast á fjóra rannsóknarlögreglumenn. Lögreglustjóri segir starfið innan deildarinnar ekki henta hverjum sem er.

LÖGREGLUMÁL Adeins fjórir lögreglumenn sinna rannsóknum í kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu þessa dagana vegna langvarandi manneklu og veikinda. Fyrir skömmu bættust sumarleyfi starfsmanna ofan á veikindin og þá voru tveir rannsakendur að störfum. Tæplega 200 ný mál hafa komið á borð deildarinnar frá áramótum.

Fréttablaðið óskaði eftir upplýsingum um hversu mörgum málum væri ólokið á borð kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu en án árangurs. Þó fengust tölur um ný mál á þessu ári sem sýna svart á hvítu miklar annir hjá deildinni. „Það voru 36 brot tilkynnt í júlí sem er sumarleyfistími og þá fáum við engan mannskap,“ segir Árni Þór Sigmundsson, yfirmáður kynferðisbrotadeildarinnar. Árni Þór segir að deildin, sem sé

193

ný mál hafa komið inn á borð kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á þessu ári.

Það vantar á alla staði. Við viljum gjarnan gera betur og viljum að kynferðisbrotadeildin njóti forgangs.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu



adeins skipuð sex rannsakendum þegar fullmannað er í allar stöður, verði of falið þegar forföll verða. „Við höfum reynt að styrkja þessa deild og vonum að það gangi eftir. Þetta er langvarandi niðurskurður sem á við lögregluna í heild og vonandi verður tekið á.“

Ef rýnt er í tölur um nýtilkynnt mál til lögreglu sést að langflest brotin eru tilkynnt strax í kjölfar þess að þau eru framín. Í júlí höfðu þrjátíu mál af 36 komið upp þann mánuðinn en sex tilkynnta mála voru eldri. Júní var líka mjög erilsamur mánuður hjá kynferðisbrotadeildinni en þá var tilkynnt um 27 mál í heildina, þar af 24 sem voru nýsked.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu,

Fjöldi tilkynnta brota

Janúar–september 2016	
Janúar	19
Febrúar	24
Mars	24
Apríl	25
Mai	12
Júní	27
Júlí	36
Ágúst	10
September	16
Samtals	193

segir að allt kapp sé lagt á að fjölga starfsfólki lögreglunnar. Nýlega hafi tuttugu manns verið ráðnir inn í almennu deildina og verið sé að reyna að færa fólk á milli deilda til að fjölga í kynferðisbrotadeildinni.

„Við erum að reyna að fá fleira fólk en það er hörgull á lögreglumönnum vegna þess að það útskrifuðust bara sextán úr Lögregluskólunum núna. Það vantar á alla staði. Við viljum gjarnan gera betur og viljum að kynferðisbrotadeildin njóti forgangs. En það eru ekki allir sem passa inn í kynferðisbrotadeildina. Við viljum fá reynt og gott fólk þarna inn og erum að vinna í því.“ snaeros@frettabladid.is

Fjósamenn skrifuðu upp handrit í pásam

SAGA Árnasafni hefur áskotnast handritsbrot af Njálu frá bókasafnara af íslenskum ættum sem búsettur er í Seattle. Í hirslum safnarans var einnig að finna skinnblöð án leturs.

„Við höfum vitað af þessum bókasafnara í dagóðan tíma og reynt að komast í samband við hann. Það tókst loksins núna fyrir tilstilli Arnar Arnar, ræðismanns í Minneapolis,“ segir Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor á Árnastofnun.

Handritið er frá 19. öld en grunur leikur á því að það hafi verið skrifað af Guðlaugi og Guðmundi Magnússonum. Þeir bræður voru vinnu-



Handritin fylgdu vesturförum yfir hafði á nýjar slóðir. MYND/GÍSLI SIGURÐSSON

menn á Hafursstöðum og Breiðabólstað á Fellsströnd.

„Þeir bræður hafa nýtt frítíma

sinn í að rita þetta og verið nokkuð iðnir við kolann,“ segir Gísli. „Handritin eru ekki aðeins merkileg því þau geyma gamlan texta heldur eru þau heimild um menningarstarfsemi á þessum tíma. Þetta var svo til það eina sem fólk gerði sér til andlegrar upplýftingar.“

Kápan er úr skinni en sá möguleiki er fyrir hendi að þar sé á ferðinni svokallaður uppskafningur, það er skinn sem áður hefur verið skrifað á, eldri texti skafinn af og það notað sem kápa. Vonast er til að rannsóknir geti leitt hið sanna í ljós.

Handritin verða geymd í handritahirslu Árnastofnunar. - jõe

PÍRATAR KYNNA

MÁLÞING Í NORRÆNA HÚSINU

HEIMURINN EFTIR PANAMA SKJÖLIN í DAG KL 16:00-18:00

Eva Joly
Þingmaður Evrópuþingsins

Jóhannes Kr. Kristjánsson
Reykjavík Media

Eftir framsögurnar verða pallborðsumræður og spurningar úr sal. Í pallborði verða, auk framsögumanna:

Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, dósent í opinberri stjórnsýslu við HÍ og stjórnarmaður í Gagnsæi

Lawrence Lessig, prófessor í lögfræði við Harvard University

Fundarstjóri: Katrín Oddsdóttir
stjórnarmaður í Stjórnarskrárfélaginu

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir

Gæði og glæsileiki

endalaust úrval af hágæða flísum

Stórhólfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á Facebook



Way of Life!

NÝR SUZUKI S-CROSS

FLOTTARI OG ÖFLUGRI

BEINSKIPTUR, SJÁLFSKIPTUR OG FJÓRHJÓLADRIFINN



VERÐ FRÁ KR.

4.230.000

Nýr fjórhjóladrifinn Suzuki S-Cross

- meiri veghæð, nýjar öflugar- og sparneytnar vélar gera frábæran bíl enn skemmtilegri og til í hvað sem er. Þú kemst alla leið!

Suzuki S-Cross er með ríkulegan staðalbúnað.

.....



4WD All-grip skapar aksturseginnleika í sérflokk.

.....



SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Ástand heimsins

1. NÝJA-DELÍ – INDLANDI

Indverskir lögreglumenn sjást handsama tibeskan mótmælenda fyrir utan kínverska sendiráðið í Nýju-Delí. Hópur fólks var þar samankominn til að mótmæla komu Xi Jinping, forseta Kína, á BRICS-fundinn sem fram fer í Goa. Þar hittast þjóðarleiðtogar Brasilíu, Rússlands, Indlands, Kína og Suður-Afriku og ræða málefni liðandi stundar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

2. **KATAR** Heimsmeistaramótið í götuhjólreiðum fór fram í Doha, höfuðborg Katar, um helgina. Mótið er einn stærsti hjólreiðaviðburðurinn ár hvert. Keppt var í ýmsum flokkum. Eftirsóttustu titlarnir féllu Slóvakíu Peter Sagan og hinna norsku Kristine Halvorsen í skaut. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

3. **HAÍTÍ** Friðargæsluliðar Sameinuðu þjóðanna standa vörð í Les Cayes á Haítí en Ban Ki-Moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, sótti eyjuna heim um helgina. Þar leit hann meðal annars við í skóla Phillippe Gabrielle sem nú hýsir fólk sem er heimilislaust eftir fellibylinn Matthías. Minnst 600 manns týndu lífi í veðurofsanum en óttast er að jafnvel tvöfalt fleiri hafi farist. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

4. **SVARTFJALLALAND** Svartfellingur stingur atkvæði sínu snyrtilega í kjörkassa í höfuðborginni Podgorica. Þingkosningar fóru fram í Svartfjallalandi í gær. Helstu kosningamálín voru hvort hið unga ríki, en Svartfjallaland fékk sjálfstæði árið 2006, ætti að sækja um aðild að alþjóðastofnunum á

borð við Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

5. **LÍBANON** Þúsundir Líbana tóku þátt í mótmælum um helgina til að minnst þess að 26 ár eru liðin frá því að sýrlenskar herþotur gerðu loftárás á forsetahöllina í Baabda. Í kjölfarið flúði þáverandi utanríkisráðherra landsins og starfandi forseti, Michel Aoun, til Frakklands. Hann sneri síðar aftur til landsins, stofnaði stjórnmalaflokk og hefur setið á þingi frá 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

6. **EL SALVADOR** Skólabörn úr skólanum Playa San Diego, í La Libertad-héraði, slepptu um 500 ungum golfina-skjaldbököm út í Kyrrahafið um helgina. Golfina-skjaldbökörnar hafa að undanförunu verið flokkaðar í hættu á að deyja út. Markmiðið með viðburðinum var að vekja athygli á umhverfisvernd og þeim fjölmörgu hættum sem steðjar að umhverfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

7. **LÍBÍA – SIRTE** Líbískir hermenn hafa á undanförunum dögum unnið að því að kveða niður síðustu fylgismenn Íslamska ríkisins í borginni Sirte nyrst í landinu. Stjórnarfarir í borginni, sem er fæðingar- og dánarstaður Muammars Gaddafi, fyrrverandi forseta Líbíu, hefur verið í talsverðri óvissu frá því að Gaddafi flúði þangað á síðustu dögum sínum. Borgin féll í hendur ISIS í febrúar 2015 og hafa bardagar staðið um hana með reglulegu millibili síðan þá.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Jeppi ársins

Audi Q7 e-tron quattro



Audi Q7 e-tron var valinn jeppi ársins 2017 af bílablaðamönnum á Íslandi. Hann er fjórhjóladrifinn tengiltvinnbíll sem sameinar krafta rafmagnsmótors og dísilvélar.

Q7 e-tron quattro er sparneytinn, umhverfismildur og eldsneytisnotkunin er aðeins 1,9 lítrar á hverja 100 km. Mættu nýrri árstíð með grænni samvisku og allt að 56 km drægni á rafmagni.

Komdu við og upplifðu Q7 e-tron quattro í hversdagslífinu.



HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is





Jaroslav Tomana, sem stýrir verkefninu, á skrifstofu sinni á Keflavíkflugvelli. Tékkneski fáninn hangir á veggnum og mynd af forsetanum einnig.



Bandaríski herinn er einnig staðsettur hér á landi þessa dagana með P-8, kabátaleitarvélina, sem er glæný Boeing 737 þota. Ekki mátti mynda inni í flugvélinni og því stilltu hermennirnir sér upp ásamt íslensku landhelgisgæslumönnum.

Í öruggum höndum Tékka

Loftrýmisgæslu NATO við Ísland er sinnt af tékkneska hernum. Fimm orrustuþotur eru tilbúnar allan sólahringinn að takast á við það sem flugumferðarstjórn getur ekki borið kennsl á. Enn hefur þó ekkert slíkt atvik átt sér stað síðan Tékkanir komu í september.

Benedikt Bóas
Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



SAMFÉLAG „Það er gott að vera hér á Íslandi. Landslagið er frábært og við getum æft okkur í lágflugi yfir sjó sem er ný upplifun fyrir okkur. Veðrið hefur þó verið að stríða okkur en það var viðbúið. Það er ekkert vandamál,“ segir Jaroslav Tomana, ofursti í tékkneska flughernum og maðurinn sem ber ábyrgð á loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins við Ísland.

Fimm JAS-39C Gripen-orrustuþotur frá tékkneska flughernum sinna nú loftrýmisgæslunni og kom herinn með 66 hermenn með sér. Auk þess kemur nokkur fjöldi af Íslendingum að málum; starfsfólk Landhelgisgæslu Íslands á öryggissvæðinu á Keflavíkflugvelli aðstoðar Tékkanum eftir fremsta megni.

Fréttablaðið fékk að kíkja á herstöðina og skoða eina þotu. Jaroslav kom hingað til lands þann 25. september og hóf strax undirbúning. Leigja bílaleigubíla, kaupa kaffi, ráða matræð og setja upp tölvukerfið. Þoturnar flugu svo inn til lendingar fjórum dögum síðar. Þetta er í þriðja sinn sem tékkneski herinn kemur hingað til lands að sinna loftrýmisgæslu en í fyrsta sinn sem Tomana kemur. „Við æfum mikið og köllum það tangóferðir en þegar þarf að fara í alvöru ferðir eru þær flokkaðar sem alfaferðir.

Alfaferðir eru þannig að þá er einhver flugvél sem fer ekki eftir reglunum. Þá þarf að skoða hana og erum við komnir í loftið nokkrum mínútum eftir tilkynninguna. Þá fara tvær þotur að flugfarinu sem flugumferðarstjórn kannast ekki við og við skoðum hvaða vél þetta er, hvaðan hún kemur og hvort hún sé búin vopnum, hvort þetta sé farþegavél eða hervél og svo framvegis. Frá því að við komum til Íslands höfum við ekki enn farið í alfaferð. Þetta var algengara hér áður fyrr en nú er komin meiri ró.“

Í fyrsta sinn er herinn með stærri flaugar á þotunum en yfirleitt eru þær léttvopnaðar þegar þær sinna loftrýmisgæslu en nú eru þær það sem kallast miðlungsvopnaðar. „Þetta eru ekki nýjar flaugar heldur hafa þær verið í okkar vopnagæmslu síðan 2007. En við höfum aldrei farið með þær erlendis í verkefni. Drægnin á flugskeytunum er meiri með þessum vopnum og við ákváðum að taka þær með í þessa för. Þegar við erum að æfa með svona vopnum þá eru alls konar ferlar sem þurfa að vera í lagi og ef við skyldum vera kallaðir í alvöru verkefni þá er gott að vera búinn að undirbúa sig.“

Herinn nýtir húsnæðið sem bandaríski herinn kom hér upp. Tomana segir að það sé þægilegt



Loftrýmisgæslan verður með sama fyrirkomulagi og fyrri ár og í samræmi við loftrýmisgæsluáætlun NATO fyrir Ísland. Þetta er í þriðja sinn sem tékkneski herinn kemur hingað til að sinna gæslunni og er herinn með fimm þotur. MYNDIR: ANTON BRINK



Innan í stjórnklefa JAS-39C Gripen orrustuþotunnar. Flugmaðurinn getur stýrt öllu með fingrunum á stýripinninum tveimur þegar hann flýgur á miklum hraða.



Hlutirnir eru einfaldir í flugskýlinu.



Tékkarnir eru hluti af svokölluðu Tiger-bandalagi. Þetta merki gerði einn flugmaðurinn, tengdi eldgos við og eru Tékkarnir afar stoltir af merkinu.

●● **Þetta eru ekki nýjar flaugar heldur hafa þær verið í okkar vopnagæmslu síðan 2007**

Jaroslav Tomana

Þegar Fréttablaðið bar að garði hafði ekki verið hægt að fljúga í nokkra daga vegna veðurs og var flugmennina farið að klæja í fingurna að fá að fara á loft. Enda hafði vind lægt og æfing dagsins var áætluð lágflugsæfing yfir sjó. „Við erum ekki með aðgang að sjó í Tékklandi þannig að við nýtum okkur aðstæður hér til hins ýtrasta. Tvær þotur munu fljúga lágflug yfir sjó og ein fer til Akureyrar sem er okkar varaflugvöllur.

Þetta verður þrepaskipt æfing sem þýðir að þoturnar byrja í rúmlega þúsund fetum og lækka sig þangað til þær eru komnar í 100 fet, sem er um 30 metrum fyrir ofan sjávarborðið. Þar munu þær fljúga á um 450 hnúta hraða sem er um 800 kílómetrar á klukkustund. Við erum undir regluverki Íslands sem leyfir okkur ekki að fara hraðar sem er allt í lagi. Það er lítill munur að vera á yfir þúsund kílómetra hraða og þurfa að takmarka sig við 800. Þetta er eins og að keyra bíl á 240 og 280. Tilfinningin er nánast sú sama.“

Flugmaðurinn stýrir þotunni nánast eins og sólógtarleikari í þungarokkshljómsveit. Vegna hröðunar og krafta sem eru öflugri en þyngdaraflið er mjög erfitt fyrir þá að hreyfa hendurnar og þá er allt gert nánast með fingrunum. Ofurstinn fór yfir stjórnstækin og sýndi lipra takta enda búinn að vera flugmaður í tékkneska hernum síðan 1998.

Gert er ráð fyrir að loftrýmisgæslunni ljúki í nóvember.

5

JAS-39C Gripen-orrustuþotur eru hér á landi.

að geta verið inni vegna veðursins en yfirleitt þegar herinn sinnir loftrýmisgæslu þá hafast þeir við í tjöldum eða gámum. „Hér er allt til alls og ekki yfir neinu að kvarta. Við vinnum náið með Íslendingunum og fyrstu tvær vikurnar hittum við þá á hverjum degi. Núna hittumst við þrisvar í viku og skipuleggjum okkur. Landhelgisgæslan hér á Íslandi er frábær í sínu starfi og það er mjög gott að vinna með þeim,“ segir ofurstinn.

TILBOÐ
OG GENGISLÆKKUN

PENNALJÓS LED

LED ljós
5W
230 Lumen
3xAAA rafhlöður

vnr IBTJJAT0405S

1.248 m/vsk

Fullt verð 1.783



VINNUBORÐ Á HJÓLUM

Liðugt og sterkt borð með skúffu.
690 (L) x 470 (B) x 815 (H) mm
Verkfærabakkar frá Toptul
passa í skúffuna.

vnr IBTCAD0101

24.543 m/vsk

Fullt verð 32.724



TILBOÐ

HERSLUVÉL 18V

500 NM
18V 4ah Li-ion
3 hraðar
0-3000 sn/mín
0-3000 högg/mín
vnr IBTKPAA1650E

39.784 m/vsk

Fullt verð 54.754



SKRALLYKLASETT 8-19MM



13.609 m/vsk

Fullt verð 17.488

VERKFÆRATASKA

111 STK. VERKFÆRI



37.952 m/vsk

Fullt verð 50.602

SEKKAÐNTSETT 1,5-10MM



2.312 m/vsk

Fullt verð 3.557

FELGUTOPPASETT



2.219 m/vsk

Fullt verð 3.171

E-TOPPAR Á SLEÐA



1.580 m/vsk

Fullt verð 2.106

BITASETT 31 STK



1.126 m/vsk

Fullt verð 1.609

TOPPLYKLASETT 28 STK

1/2" toppar 8 - 32mm
Skrall. framlengingar, liður
Framlenging m/ LED ljósi

IBTGCAI2802

7.534 m/vsk

Fullt verð 10.763



TOPP- OG BITASETT 46 STK

Toppar 4 - 13mm
Djúpir toppar 5 - 13mm
Bitatoppar
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI4601

5.142 m/vsk

Fullt verð 6.856



TOPP- OG BITASETT 94 STK

Toppar 4 - 13mm
Djúpir toppar 5 - 13mm
Bitatoppar
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094r

13.128 m/vsk

Fullt verð 17.503



VERKFÆRASETT 80 STK

1/4" og 1/2" toppar
Stærðir 4 - 32mm
Fastir lykklar 8 - 19mm
Skrúfjárn tangir, hamar og fl.

vnr IBTGCAI8002

19.774 m/vsk

Fullt verð 28.249

TILBOÐ



VERKFÆRASETT 106 STK

Toppar 4 - 32mm
Djúpir toppar, fastir lykklar,
bitasett, bitatoppar
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI106B

19.350 m/vsk

Fullt verð 25.800



VERKFÆRASETT 150 STK

Toppar 4 - 32mm
Fastir lykklar 6 - 19mm, tangir,
skrúfjárn og margt fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI150R

31.981 m/vsk

Fullt verð 42.642





samskip

Öll undir einu merki





Sameinuð starfsemi

Í október 2016 sameinast öll starfsemi Samskipa á Íslandi undir heitinu Samskip. Þar á meðal er öll starfsemi sem áður var undir nafni Landflutninga.

Samskip bjóða viðskiptavinum heildstæðar flutningslausnir á landi og sjó. Við erum eitt fyrirtæki og með breytingunni skerpum við áherslur, einföldum viðmót og tryggjum að við komum alls staðar fram á sama hátt. Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar bestu mögulegu þjónustu.

samskip

Samán náum við árangri

www.samskip.is

Kjósandinn



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera kjósandi á Íslandi. Ósjaldan hafa kjósendur kynnt sér menn og málefni, kosið eftir sinni sannfæringu en fengið svo eitthvað allt annað. Jafnvel þó svo flokkurinn sem fékk atkvæðið fékk hafi komist til valda. En hvað veldur?

Í íslenskum stjórnmálum er sterk hefð fyrir því að allir flokkar lýsi því yfir að þeir gangi óbundnir til kosninga eins og það er kallað að útiloka ekki samstarf við aðra flokka. Það er óneitanlega dálítið sérstakt því hvað málefni og áherslur varðar ber oft mikið á milli flokka í því sem kjósendur líta á sem grundvallaratriði í verkefnum stjórnmálanna. Afleiðingin hefur líka verið sú að kjósendur hafa oft mátt búa við umtalsverða óvissu í kjölfar kosninga. Óvissu sem markast af því sem stjórnmálin vilja kalla málefnaþingningu en hinn almenni kjósandi þekkir kannski betur sem hrossakaup. Slik hrossakaup á milli stjórnflokka hafa reyndar átt það til að lifa góðu lífi innan stjórnsamstarfs allt fram á síðasta dag viðkomandi ríkisstjórna.

Í þessu ljósi hljóta kjósendur að fagna því útspli Pirata að bjóða fjórum flokkum til viðræðna um mögulegt samstarf. Í því er fólgin afgerandi höfnun á samstarfi við þá sem er ekki boðið til viðræðna. Höfnun á samstarfi við núverandi ríkisstjórnflokka og þar með væntanlega málefnaáherslum þeirra, vinnubrögðum og framgöngu á kjörtímabilinu. Og loks hljóta slíkar viðræður og mögulegar niðurstöður þeirra, að auðveldu kjósendum að gera upp hug sinn og skerpa línurnar í íslenskum stjórnmálum. Ekki veitir af.

Sá eini sem á að hafa réttmæta kröfu til þess að ganga óbundinn til kosninga er kjósandinn sjálfur. Hann á að geta treyst því að sá flokkur sem hann gefur atkvæði sitt standi við áherslur og loforð sem voru gefin fyrir kosningar. Verði málefnaþingningur, á borð við þann sem Piratar virðast stefna að, til þess að auka á samkvæmni á milli væntinga kjósenda og þess sem tekur við, er erfitt að sjá annað en að það sé kjósendanum og þar með lýðræðinu til góds.

Upplýsingar eru mikilvægasta forsenda þess að kjósendur geti tekið upplýsta ákvörðun. Þeim mun meira sem kjósendur vita um það sem mögulega tekur við eftir kosningar, þeim mun betra. Þetta gildir ekki aðeins um málefni innan flokka heldur einnig mögulegar tilslakanir, forgangsroðun verkefna og þannig mætti áfram telja. Takist stjórnmálaflokkunum að upplýsa kjósendur um slíkt fyrir kosningar þá er það auðvitað af hinu góða. Íslendingar eru langþryggtir á hrossakaupum og þjófnaðhyggju íslenskra stjórnmála og eiga betra skilið.

Nú reynir því á flokkana sem aldrei fyrr að draga upp skýra og afdráttarlausa mynd af því sem kann að taka við að loknum kosningum. Þetta gildir auðvitað jafnt um þá flokka sem standa innan þessa mögulega bandalags og utan. Því markmiðið hlýtur að vera eitt og hið sama: Að kjósendur viti og geti treyst því í hvaða átt atkvæði þeirra getur tekið íslenskt samfélag á komandi kjörtímabili.



Sá eini sem á að hafa réttmæta kröfu til þess að ganga óbundinn til kosninga er kjósandinn sjálfur.

Halldór



Frá degi til dags

Óvænt útspil

Piratar hafa kveikt upp í stjórnmálaumræðunni fram að kosningum með útspli sínu um að fimm flokkar til vinstri og á miðju myndi með sér kosningabandalag og kynni drög að stjórnsáttmála tveimur dögum fyrir kosningar. Samfylkingarfólk fagnar ákaft þessu tækifæri til að koma sér á korti enda að spila algjöra nauðvörn í kosningabaráttunni. Með þessu taka Piratar af skarið og leiða í raun stjórnamyndunarviðræður þrátt fyrir að síðustu mælingar á fylgi flokka sýni Pirata jafnstóra VG. Spurningin er hvort Piratar séu með þessu að tryggja sér stjórnamyndunarboðið eftir kosningar og vilji leiða ríkisstjórn með forsætisráðherra Pirata eða hvort öll ráðuneyti séu á samningaborðinu.

Áhættusamt

Líklega eru Piratar samt að gera flestum stjórnmálaflokkum, þar með talið sjálfum sér, óleik. Fari flokkarnir á miðju og til vinstri að slá af málefnum sínum fyrir kosningar upplifa kjósendur sig svikna og taka ákvörðun um að koma atkvæði sínu fyrir annars staðar. Þá standa eftir flokkarnir hægra megin með silfurslegin loforð sem ekki hafa verið tónuð niður af neinum samningaviðræðum, tilbúnir að taka við atkvæðum ráðvilltra kjósenda. Fari svo geta flokkarnir lent í heilmiklum brotsjó og sokkið til botns með Piratana í stafni. snaeros@frettabladid.is

Hugleiðing á alþjóðadegi fátæktar



Tryggvi Kr. Magnússon
stjórnamaður í EAPN á Íslandi, samtökum gegn fátækt

Hvað er fátækt er stundum spurt. Svörin við því eru gjarna misjöfn eftir því hver verður fyrir svörum og sýnir að viðmiðin eru mörg og misjöfn. Sumar þjóðir hafa sett viðmið og reiknað hvenær fátæktarmörkum er náð, það er gott og gilt. Því velti ég fyrir mér af hverju er ekki unnið með þetta og gerðar þær ráðstafanir sem þarf til að útrýma fátækt t.d. hér á Íslandi þar sem vitad er að nóg er til skiptanna.

Mér finnst mikil skekkja í nútíma- og upplýstu samfélagi að ráðamenn sjái ekki hve miklum mannaúði er kastað á glæ með því að halda fólki í greipum fátæktar. Þetta segi ég vegna þess að vitad er að ef fnalegt öryggi er ekki tryggt vill andinn oft daprast og hinir ýmsu eiginleikar manneskjunnar fá ekki að njóta sín.

Það er mjög mikilvægt að við öll sem búum erum manneskjur og eigum því, þótt aðstæður séu misjafnar, rétt til sómasamlegrar framfærslu sama hvaðan hún kemur. Ég er viss um að enginn velur sér fátækt eða þær aðstæður sem henni valda, hvort sem er um slys, veikindi eða hvað annað að ræða.

Fátækt hefur oft lamandi áhrif á mannlega reisn og við viljum vonandi ekki bera á því ábyrgð sem samfélag. Manneskja sem lifir með reisn er líklegri til að geta lagt til samfélagsins ýmislegt er að gagni kann að koma heldur en sá sem er upptekinn af áhyggjum af eigin velferð. Setjum okkur þau markmið að við öll getum haft þær aðstæður að geta notað hæfileika okkar hvar sem þeir kunna að liggja. Þá verða líka allir betur aflöguferir bæði veraldlega og andlega.

Ég er alveg handviss um að það að útrýma fátækt er hagkvæmt í alla staði og eykur velmegun allra. Við þurfum að byrja hér hjá okkur, gera átak, síðan getum við miðlað reynslu okkar til annarra þjóða. Hættum að sóa hæfileikum, virkjum alla til góðra verka.



Ég er alveg handviss um að það að útrýma fátækt er hagkvæmt í alla staði og eykur velmegun allra.

10. DESEMBER Í HÖLLINNI

Jólagestur 2016

Þjóðsöngur

MÍÐASALA HEFST Á FIMMUDAG

Við komum með 10 ára afmælistónleikar jölin til þín!

Miðasala fer fram á Tix.is og í síma 551-3800. Pósthólfstíðir Senu Live og Jólagesta fara fram 19. október kl. 10. Skráðu þig á pósthólfstíðir Jólagesta á www.jolagestir.is. Nánar á www.sena.is/jolagestir.

FK SENA

Spámaðurinn frá Dulúð

Í DAG



Guðmundur
Andri Thorsson
rithöfundur

Sænska akademían sæmir Bob Dylan bókmenntaverðlaunum Nóbels á saman tíma og 40 prósent Bandaríkjamanna virðast samkvæmt könnunum vilja í alvöru bjóða heimsbyggðinni upp á forseta sem tekst í einni persónu að sameina allt það versta sem múgmennning nútímans dregur fram í mannfolkinu. Gott val hjá Svíum: Dylan er verðugur fulltrúi fyrir margt það besta í bandarískri menningu.

Ómetanlegt framlag

Hvað er þá svona merkilegt við þennan Dylan? Það er nú það. Við höfum þegar heyrt ýmsa ráma raulara nefnda þegar sem verðugri sómans – Tom Waits, Leonard Cohen, og Joni Mitchell – allt frá-bærir lagasmíðir og skáld – en það breytir ekki hinu tröllaukna framlagi Dylans til að veita ljóðlistina inn í tónlistina – og öfugt – blanda saman ólíkum áhrifum til að þróa listform sem við þekkjum núna sem rokkmúsík, en var naumast til í núverandi mynd þegar hann var að hefja feril sinn. Hans hlutur í þróun söngvaskáldskapar á síðustu öld verður seint ofmetinn.

Þetta gerði hann með því að blanda saman hlutum sem á þessum stífu kaldastríðstímum þóttu ósamrýmanlegir: hábrag og lágbrag, svörtum blús og hvítum kántrítrega, hinu sveitalega og borgarbragnum, heimsósóm-akvæðum og fifflalátum, upphöfnu tungutaki í anda skálda eins og Blake, Robert Frost og Robert Burns og svo aftur „málvillum“ og flatrími.

Glæsilegt 3ja hæða álklaett fjölbýlishús með lyftu og bílageymslu. Vandaðar íslenskar innréttingar frá Brúnás og með AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru frá 2ja til 5. herbergja frá 93-186 fm. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Sérlega góð staðsetning niður við sjávarkambinn með stórglæsilegu sjávarútsýni. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Staði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is

LUNDUR 25

Stórglæsilegar íbúðir við Lund í Kópavogi

NÝTT

NÝBYGGING

Nýjar stórglæsilegar íbúðir að Lundi 25 í Fossvogsdal í 11 íbúð fjölbýlishúsi. Húsið er 5 hæða. Fjölmargar stærðir í boði allt frá 111 til 179 fm. Vandaðar íslenskar innréttingar. Hiti í gólfum. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum. Álklaett hús. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Staði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is

VÍÐIHLÍÐ 29

OPÍÐ HÚS

- 105 Rvk.
- Raðhús. 281 fm.
- 4 góð svefnherbergi.
- Bílskúr. Nýtt járn á þaki.
- Nýmálað að utan.
- Verð 72,9 millj.

Opíð hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30

SKIPHOLT 32

OPÍÐ HÚS

- 105 Rvk.
- 5 herb. 134,7 fm.
- Efri hæð. Bílskúr.
- Góð staðsetning.
- 4 svefnherbergi
- Verð 43,9 millj.

Opíð hús þriðjudag frá kl. 17:00 til 17:30

AUKAÍBÚÐ

BREKKUTÚN 8

- 200 Kóp.
- Parhús.
- 266,6 fm.
- Mikil endurnýjað.
- Góð aukaíbúð í kjallara.
- Bílskúr.
- Aukaíbúð
- Verð 77 millj.

LANGALÍNA 28

- 210 Gbæ.
- Sjáländ.
- 116 fm. íbúð.
- Staði í bílageymslu.
- Vandaðar innréttingar.
- Álklaett hús.

RAUÐAGERÐI 41

- 108 Rvk.
- Einbýli.
- 262,6 fm.
- Nýlegt glæsilegt eldhús.
- Sólstofa.
- Innb. bílskúr

LUNDUR 23

- 200 Kóp.
- 3ja herb.
- 113 fm.
- Ný íbúð.
- Bílageymsla.
- Timburverönd.
- Verð 49,5 millj.

NAUSTAVÖR 4

OPÍÐ HÚS

- 200 KÓP.
- 3ja til 4ra herb. 126,1 fm
- Stór sólverönd.
- Fallegar innréttingar.
- Bílageymsla.
- Verð 52,5 millj.

Opíð hús þriðjudag frá kl. 17:00 til 17:30

BÓLSTADARHLÍÐ 7

- 105 Rvk.
- 136 fm.
- Sérhæð.
- Bílskúr.
- Falleg íbúð.
- 3 til 4 svefnherbergi.
- Góð staðsetning.
- Verð 59,9 millj.

Fasteignasalan GARDUR

562-1200



Sveinbjörn Halldórsson
Löggiltur fasteignasali
Sími: 892-2916
sveinbjorn@fastgardur.is



Halldór Freyr Sveinbjörnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
Sími: 693-2916
halldor@fastgardur.is

Skipholt 5 - 105 - Reykjavík - www.fastgardur.is

ÍÐUNNARBRUNNUR 1 – PARHÚS

OPÍÐ HÚS MÁNUDAGINN 17. OKT. FRÁ KL 17:00 – 17:30.

OPÍÐ HÚS

248,9 fm parhús á tveimur hæðum með bílskúr, auk lagnakjallara (ca 100fm) sem er ekki inn í heildar fermetrum eignarinnar. Gott hús sem býður upp á mikla möguleika. Fimm svefnherbergi. Þrjú baðherbergi. Stórt og gott eldhús með fallegri innréttingu. Björt stofa með fallegu útsýni yfir Reykjavík. Lokarángangur er eftir að utan. Falleg eign sem býður upp á mikla möguleika. Verð 57 millj.

FLESJAKÓR - PARHÚS

Fallegt parhús á tveimur hæðum með bílskúr samtals 197,4 fm. Mjög góð staðsetning og fallegt útsýni. Þrjú rúmgóð svefnherb.. Eldhús með eldunareyju og er opið inn í stóra og bjarta stofu með suðursvölum. Flísalagt baðherbergi með fallegri innréttingu. Gestasnyrtng. Sjónvarpshol. Mjög vel skipulögð eign með stórum og góðum garði. Hiti í gólfum. Eignin er laus strax. Verð 61.9 millj.

HELLUVAÐ – 4RA HERBERGJA

Vönduð og falleg 120 fm. endaíbúð á þriðju hæð í góðu fjölbýlishúsi við Helluvað í Norðlingaholtiinu, ásamt staði í lokaðri bílageymslu. Sérinnngangur af svölum. Þrjú svefnherbergi og stór stofa með stórum skjólgóðum svölum. Fallegt baðherbergi. Þvottahús innan íbúðar. Parket og flísar á gólfum

Vandaðar innréttingar. Glæsilegt útsýni. Eign fyrir vandláta. Verð 44,5 millj.

HVERFISGATA 47 – 3JA HERBERGJA

OPÍÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 18. OKT. FRÁ KL 17:00 – 17:30.

OPÍÐ HÚS

Glæsileg 92,7 fm íbúð með sérinnangi og sérgeymslu í garði. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Tvær bjartar og góðar stofur. Flísalagt baðherb. með hvítri innréttingu og frístandandi baðkari. Eldhús með eldri innréttingu, tengi fyrir uppþvottavél og borðkrókur. Sérþvottahús og er útgengt út á hellu-lagða verönd. Sér 13 fm geymsla er í garðinum. Húsið var klætt að utan 2008, skipt um skólplagnir og þak. Verð 30.9 millj.

BLÖNDUHLÍÐ 27 – HÆÐ MEÐ BÍLSKÚR

OPÍÐ HÚS MÁNUDAGINN 17. OKT. FRÁ KL 17:00 – 17:30.

OPÍÐ HÚS

Vorum að fá í sölu fallega og mikið endurnýjaða 120 fm 5 herbergja efri hæð með 63fm (skráður 53fm) sérstæðum bílskúr á þessum eftirsóttu stað. Þrjú svefnherbergi og stórar og bjartar stofur með útgengt á suðursvalir. Bílskúrin er með tveimur gönguhurðum og stórrí innkeyrsluhurð. Eignin hefur mikið verið endurnýjuð, ma. baðherbergi, skápar, gólfefni og tölvustýrður gólfhiti settur. Húsið var endurstæinað um 2003 og var þá gler yfirfarið. Verð: 61.9 millj.

REKAGRANDI – 2JA HERBERGJA

Vorum að fá í sölu fallega 52 fm 2ja herbergja íbúð á 3. hæð auk 27 fm staðis í bílageymslu (samaltals 79fm) . Stórt svefnherbergi og stór og björt stofa með suðursvölum. Eldhús opið í stofu. Íbúðin hefur fengið gott viðhald, er nýl. máluð og baðherbergi nýl lagfært. Tengi fyrir þvottavél í íbúð. Parket og flísar á gólfum.

Sameign er góð og er nýl. búið að mála húsið að utan og yfirfara þak og skipta um þakglugga. Laus strax. Verð 30.9 millj.



Karl Gunnarsson
lögg. fasteignasali
s. 898 2102



Kristján P. Arnarsson
lögg. fasteignasali
s. 896 1188



Unnur Karen
Karlsdóttir
s. 698 9056

ÞAÐ ER LÍKLEGRA AÐ ÞÍN EIGN VERÐI SELD EF HÚN ER Á SÖLUSKRÁ HJÁ OKKUR

www.lundur.is • lundur@lundur.is

Nýjar og glæsilegar eignir á hverjum degi



fasteignir.is á vísir.is

101 REYKJAVÍK
FASTEIGNASALA

Tjarnargata 4 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is
Kristín Sigurey Sigurðardóttir - löggiltur fasteignasali



Mikil sala – vantar allar gerðir eigna á skrá



STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000

BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG
FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

SPÁNN - ÞAR SEM SÓLIN SKÍN ALLT ÁRIÐ - VERÐ FRÁ 20,7M



GLÆNÝJAR ÍBÚÐIR Í MIÐJARÐARHAFSSTÍL

Stórglæsilegar, bjartar og vel hannaðar íbúðir í vönduðum fjórbylishúsum í Dona Pepa, um 30 mín akstur suður af Alicante. Sameiginleg sundlaug í lokuðum garði.


Tvö svefnherbergi, tvö baðherbergi, góð stofa, eldhús opið við borðstofu. Hægt að velja um íbúðir á neðri hæð með lokuðum sérgarði eða penthouseíbúðir á efri hæð með góðum svölum út frá stofu og stórum þaksvölum. Traustur byggingaraðili með áratuga reynslu.

Stutt í golf, á ströndina og La Zenia Boulevard verslunarmiðstöðina. Úrval veitingastaða og verslana í nágrenninu.

Mikið úrval af góðum eignum á Spáni, íbúðir, raðhús og einbýlishús. Nýjar eignir og eignir í endursölu.

Íslenskir löggiltir fasteignasalar sjá um allt kaupferlið og aðstoða við að skipuleggja skoðunarferðir og sýna eignirnar.

ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ OKKUR
Áralöng reynsla af sölu fasteigna á Spáni.



NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR:

ADALHEIÐUR KARLSDÓTTIR

Löggiltur fasteignasali

GSM: 893-2495

adalheidur@stakfell.is



GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

GIMLI

Sími 570 4800

Fasteignasala / Grensásvegur 13
2. hæð 108 Rvk. / gimli.is

Sigbór 899 9787
Löggiltur fasteignasali

Ellert 661 1121
Löggiltur fasteignasali

Katrín 570 4800

Hafnrún 570 4800

Árni 570 4800
Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali

Hvers virði er eignin þín?

- Frítt verðmat
- Engin skuldbinding

ÞEKING • REYNSLA • ÖRYGGI

Léttleikandi timburhús í hjarta Akureyrar

Nýtt á skrá. Snyrtilegt og vel staðsett, fjögurra hæða timburhús í Brekkunni á Akureyri með glæsilegu útsýni yfir Eyjafjörð. Flott eign með mikla möguleika. Tilvalið fyrir laghenta. Ísskápur og þvottavél fylgja.

VÖNDUÐ
GÓLFEFNI
Á SVIÐI

FULLFRÁ-
GENGIN
LÓÐ



Ekki kaupa hvað sem er af hverjum sem er. Spurðu um skilríki.

OPIÐ HÚS



Ísak
Sölustjóri
gsm 822 5588
isak@tingholt.is



Viðar
Lögg. fasteignasali
gsm 898 4477
vidar@tingholt.is



Ellert
27 ára reynsla
gsm 893 4477
ellert@tingholt.is



Örn
leigumiðlari
gsm 696 7070
orn@tingholt.is



Garðar
markaðsstjóri
gsm 853 9779
gardar@tingholt.is



Artjón Árni
Lögg. fasteignasali
gsm 662 1441
aa@tingholt.is



Jón Óli
Lögg. fasteignasali
gsm 777 6661
jonoli@tingholt.is



Stefán
í námi til lögg.
gsm 660 7761
stefan@thingholt.is



Guðfinna Inga
Ritari

• BÆJARLIND 4 • S: 512 3600 • WWW.TINGHOLT.IS
• 200 KÓPAVOGUR • F: 512 3601 • TINGHOLT@TINGHOLT.IS

METUM SAMDÆGURS • FRÍTT VERÐMAT • ENGIN SKULDBINDING

FASTEIGNASALA Í 40 ÁR

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Tjarnargata 4 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • www.101.is



Ólafía
Ólafsdóttir
Sölufulltrúi



Kristín
Sigurey
Sigurðardóttir
lögg. fasteignasali

Tómasarhagi 49 – 107 Reykjavík



OPIÐ HÚS 17. OKT 2016 FRÁ KL. 17:15 - TIL 17:45. ALLIR VELKOMNIR

Afar falleg íbúð á tveimur hæðum í fallettu húsi við Tómasarhaga, Reykjavík. Íbúðin er 160,3fm ásamt 28fm bílskúr. Húsið er vel staðsett með útsýni út á Ægissíðuna. Í húsinu eru 6 íbúðir og fylgir íbúðinni sérinngangur og bílskúr næst húsinu. Garðinum hefur verið skipt upp í sérafnotareiti fyrir hverja íbúð. **V- 83,9millj.**

Traust og góð þjónusta í 13 ár

Til Sölu

Tilboð óskast í hluta fasteignarinnar Víkurbraut 25, Grindavík



15811 – Víkurbraut 25, Grindavík

Um er að ræða helming efri hæðar í norður hluta húsnæðisins, sem áður var útibú sýslumanns. Eignin er vel staðsett og með góða aðkomu. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands - fasteignaskrá er skrifstofuhúsnæðið 107,8 m², byggt 1962 ásamt 30 m² svölum. Brunabótamat eignarinnar er kr. 21.500.000,- og fasteignamat er kr. 10.400.000,-.

Húsnæðið er í ágætu ástandi en þarfnast einhvers viðhalds. Mikilvægt er að bjóðendur kynni sér ástand eignarinnar vel.

Húseignin verður til sýnis í samráði við Sigurð Ágústsson í síma 892 4116. Tilboðseyðublaðið liggja frammi hjá Ríkiskaupum ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaði.

Gögnin eru einnig aðgengileg á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is Tilboð skulu berast til Ríkiskaupa, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík fyrir kl. 10:00 þann 2. nóvember 2016 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



Kynntu þér appið og vertu með!



www.fasteignir.is

vísir

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Bjódum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

hansgrohe

Axor sturtulampi n e n d o

Listaverk - hönnun og þægindi



**ÍSLEIFUR
JÓNSSON**

Með allt á hreinu í 95 ár

Draghálsi 14 - 16 · Sími 4 12 12 00 · isleifur.is



Baðherbergið eftir breytingar.



Baðherbergið á efri hæðinni fyrir breytingar.



Eldhúsið fyrir breytingar.



Eldhúsið eftir breytingar.

Tóku gamla læknisbústaðinn í gegn

Lára Dagbjört Halldórsdóttir og Pétur Sigurðsson búa á Þingeyri. Þau keyptu hús þar fyrir jólin í fyrra. Húsið var áður í eigu ríkisins og var bústaður læknis og hjúkrunarfræðings á staðnum. Þau tóku allt húsið í gegn, þannig að það var nánast fokhelt og fluttu inn í febrúar á þessu ári.

Elin Albertsdóttir
elin@365.is



Húsið sem var byggt árið 1978 var áður tvíbýli. Lára og Pétur ákváðu að kaupa allt húsið og breyta því í einbýli. „Við fluttum inn í húsið í febrúar á þessu ári en þá höfðum við verið sex vikur að taka það í gegn. Við rifum allt út úr húsinu þannig að það var nánast fokhelt. Við þurftum að vera fljót að taka það í gegn og maðurinn minn sem er múrari vann í því á fullu með hjálp föður míns og bróð-

ur,“ segir Lára. Húsið var orðið barns síns tíma. Innréttingar og tæki í anda áttunda áratugarins. „Það er auðvitað mikill sparnaður að hafa iðnaðarmann á heimilinu,“ bætir Lára við.

„Fyrst voru allar innréttingar teknar niður, bæði á efri og neðri hæð. Það voru tvö eldhús í húsinu og tvö baðherbergi,“ segir Lára sem er fædd og uppalin á Þingeyri en Pétur kemur frá Ísafirði. „Það hentar okkur vel að vera hér á Þingeyri og hér er gott að búa. Við rekum múr-fyrirtæki og það hefur verið nóg að gera,“ segir hún.

Þau hjónin skruppu til höfuðborgarinnar til að velja sér inn-



Lára og Pétur tóku allt gamla læknisbústaðinn í gegn.

réttingar, flísar og tæki. Allar innréttingar voru keyptar hjá Brúnási. Þau teiknuðu allt upp sjálf og gerðu breytingarnar eftir eigin höfði. „Við vorum mjög samstiga í þessu öllu og vorum fljót að finna hvað við vildum. Við vissum hvaða liti við vildum á flísar og parket. Á gólfíð á baðinu völdum við parketflísar en hvítar flísar á veggina. Við vildum hafa þetta einfalt. Við erum með baðkar á efri hæðinni. Á neðri hæðinni erum við með lítið baðherbergi með sturtu. Íbúðin á neðri hæðinni var mjög lítil og þar höfum við núna okkar herbergi með baði. Allt sem við þurftum að kaupa í

þessar breytingar kostaði fjórar milljónir.“

Lára segir að ekki sé algengt að fólk sé að taka allt í gegn á Þingeyri. Þar hafi ekki verið mikil uppgangur á undanförunum árum. „Við bíðum alltaf eftir honum hér,“ segir hún. „Fólkið í bænum var mjög ánægt með að við skyldum kaupa þetta hús og endurnýja það. Við tókum garðinn líka í gegn, stimpluðum plan og pall fyrir utan húsið. Næsta sumar ætlum við síðan að mála að utan. Húsið er 180 fermetrar og það vakti athygli okkar hversu vel það er byggt. Það er til fyrirmyndar hvað vandað var til alls.“

PORCELANOSA
flísar fyrir vandláta

ALFABORG
Skútuvoði 6 - Sími 568 6755



Svanbjörg Vilbergsdóttir er löggiltur pípuþrúðingameistari og stofnaði Lagnafóðrun hf. árið 2014.



Reynt er að raska eins litlu og hægt er.

Í upphafi skal endinn skoða

Þegar þaðherbergi eru endurnýjuð ætti fyrsta skrefið ávallt að vera að skoða frárennislagnir áður en tekin er ákvörðun um framhaldið. Þannig er hægt að spara sér mikil óþægindi, tíma og peninga, segir Svanbjörg Vilbergsdóttir hjá **Lagnafóðrun ehf.**

Svanbjörg segir sérstaklega mikilvægt að kanna ástand lagna í eldri húsum. „Hús sem eru eldri en 40 ára eru til dæmis flest öll með steinlagnir undir botnplötu. Gamlar steinlagnir leka skólpi út í jarðveginn með tilheyrandi óþrifnaði, mengun og jafnvel skemmdum á eigninni,“ segir hún en fólk getur séð ýmsar vísbendingar þegar ekki er allt með felldu. „Þetta geta verið skólplmaurar, rakaskemmdir, tregða í frárennsli og síðast en ekki síst rottugangur innan húss eða utan.“

Fyrsta skrefið er að láta mynda skólplagnir til að meta ástandið. „Í framhaldinu tökum við ákvörðun, í samvinnu við húseigandann, um hvað eigi að gera næst.“

Lagnafóðrun er hagkvæm leið

Þegar lagnakerfi eru orðin gömul og slitin segir Svanbjörg niðurstöðuna yfirleitt þá að heilfóðra og/eða endurnýja skólplagnir, allt eftir ástandi hverju sinni. „Ef gripidið er í taumana nógu snemma og lagnir eru í fódranlegu ástandi er hægt að komast hjá miklu raski

fyrir íbúa hússins með fóðrun,“ upplýsir Svanbjörg. „Í þeim tilvikum þar sem búið er að endurnýja hluta lagnanna er hægt að fódra eða partfóðra slitnar lagnir jafnvel án uppbrots. Þetta er mjög hagkvæm leið til þess að gera við minniháttar skemmdir.“

Svanbjörg útskýrir nánar hvað felst í lagnafóðrun. „Þegar talað er um fóðrun er átt við að skemmd eða slitin lögn er endurnýjuð með því að búa til nýja lögn innan þeirrar gömlu. Nokkrar aðferðir eru mögulegar við fóðrun lagna en þær helstu hér á landi eru sprautu-aðferðin og sokkaaðferðin. Í láréttum lögnum, eins og hefðbundnum skólplögnum undir húsum, hefur reynt slá sýnt að sokkaaðferðin hentar betur við íslenskar aðstæður. Ein helsta ástæðan fyrir því er sú að skólplögnina þarf að þrifa og þurrka að mestu áður en fóðrun fer fram. Þar sem skólplagnir á Íslandi sem eru orðnar 40 ára og eldri eru úr steypu (steypurör) og eru oft illa farnar, með stórum götum og liggja oftar en ekki undir grunnvatnsstöðu, þá



Svanbjörg ræður ráðum sínum með starfsmönnum sínum hjá Lagnafóðrun. MYND/GVA

er þurrkun rörsins alla jafna ógerleg. Þetta gerir það að verkum að sprautu-aðferð við fóðringar er oft illfrakvæmanleg. Við hjá Lagnafóðrun notum því eingöngu sokkaaðferðina við lagfæringar og endurnýjun skólplagna.“

Svona virkar þetta

Margir kvíða því að láta eiga við lagnirnar hjá sér og hræðast þá helst sóðaskap. Svanbjörg segir starfsmenn Lagnafóðrunar reyna að ganga eins vel um og mögulegt er. „Þegar komið er á verkstað er það okkar fyrsta verk að leggja

hlífðarteppi á gólf áður en byrjað er að koma inn með verkfæri. Þá hyljum við alla viðkvæma hluti með hlífðarplasti áður en verkið hefst.“

Næsta skref er að hreinsa lagnirnar. „Það fer þannig fram að við myndum allar lagnir og metum hvaða hreinsunaraðferð þarf að beita á hverjum stað fyrir sig. Til dæmis háþrýstipvotti eða öðrum aðferðum. Þessi vinna fer fram frá hreinsibrunnum, klósettum eða niðurföllum eftir því sem við á.“

Þegar þessu er lokið eru gömlu lagnirnar fóðraðar með 3-4,5mm

epoxy-sokk allt eftir aðstæðum hverju sinni. „Við blásum sokk inn í lagnirnar, fóðringarefnið þrýstist út í gömlu lögnina og myndar þannig nýja lögn innan í gamla rörinu. Eftir að fóðringin er komin á réttan stað tekur um það bil eina til fjórar klukkustundir að harðna. Hliðargreinar eru svo opnaðar með fræsara og greinasokkur blásinn út í greinina sem verður þá 100% þétt,“ lýsir Svanbjörg og tekur fram að Lagnafóðrun sé í samstarfi við sænska fyrirtækið Repiper AB varðandi greinasokka.


Reynsla skiptir miklu

Svanbjörg segir mikilvægt að velja fagfólk með reynslu til verksins, en sjálf er hún löggiltur pípuþrúðingameistari og stofnaði Lagnafóðrun árið 2014. „Við höfum frá upphafi lagt áherslu á góða þjónustu og fagleg vinnubrögð. Við leggjum metnað í þjálfun starfsfólks og er Lagnafóðrun í góðu samstarfi við birgja varðandi kennslu og innleiðingu nýjunga á markaðnum.“

Lagnafóðrun sérhæfir sig í fóðrun og ástandsskoðunum á frárennislögnum fyrir einstaklinga, húsfélög, stofnanir og fyrirtæki, ásamt því að leggja drenlagnir og veita aðra almenna pípuþrúðingathjónustu.



Fyrsta skrefið er að mynda lagnirnar til að kanna ástand þeirra.



Lagnirnar eru fóðraðar með epoxy-sokki sem er blásið inn í lagnirnar.



Heimatilbúið baðsalt

Til að auka enn frekar á baðupplifunina má bæta baðsalti í baðvatnið. Slíkt baðsalt má auðveldlega búa til heima. Slíkt er bæði gott til heimanota en einnig er gaman að gefa slíkt í tækifærisgjafir. Hér er uppskrift að einu slíku:

2 bollar Epsom-salt
2 tsk. ávaxta- eða grænmetisólía að eigin vali.
Til dæmis jojoba-, möndlu-, ólívu- eða apríkósuólía.
5-10 dropar af þeirri ilmólíu sem er í uppáhaldi. Þar er margt í boði, lofnarblóm, júkálíptus eða hvað sem er.
Einn eða tveir dropar af matarlit (má sleppa).
1/4 bolli sjávarsalt (má sleppa)
Glerglas eða krukka með loki

Blandið innihaldsefnunum saman með gaffli og gangið úr skugga um að engir kekkir séu í blöndunni.



Meira pláss á baðinu

Þegar baðherbergi eru tekin í gegn og endurnýjuð er mikilvægt að huga að skipulagningu þeirra. Oft er það dálítill kúnst að skipuleggja baðherbergi svo vel sé, sérstaklega ef plássíð er af skornum skammti en krafan um aukið pláss, bæði til athafna og fyrir geymslu hluta, á baðherbergjum er hins vegar alltaf að aukast.

Ef fjölskyldan er til dæmis ekki mikið fyrir það að liggja í baði ætti ekki að vera þörf á baðkari í herberginu. Þannig fæst aukið rými sem hægt væri að nýta fyrir stóran skáp eða hirslu.

Mörg vel heppnuð baðherbergi hafa stóran eða jafnvel tvöfalda skáp undir vaskinum á meðan veggghengdir skápar geta líka virkað vel til að spara pláss. Ef plássíð er mjög lítið gæti hjálpað að nýta annars ónýtt skot og byggja þar inn skápa fyrir snyrtidótið.

Skipulagning er lykillinn að því að spara pláss svo að í hverjum skáp og skúffu ætti að vera bakkar og körfur til þess að halda smærri hlutum á sínum réttum stöðum.

HANDKLÆÐAKÖRFUR OG SJÓARASPEGLAR

Handklæðakörfur þykja smart. Þeim er oft stillt upp við baðkerið eða sturtuna enda handhægt að geta teygst sig í hreint handklæði þegar stigið er upp úr. Þetta eru yfirleitt bastkörfur eða járnkörfur í ýmsum litum og eru litirnir oft látnir tóna við annað á baðinu. Þá eru gjarnan valin handklæði í stíl og þeim rúllað smekklega upp í körfuna. Sé vel að valinu staðið geta körfurnar gert heilmikið fyrir heildarásýnd baðherbergisins. Fyrirkomulagið sparar líka pláss í skápum og er hægt að nota dýrmætt hillupláss undir annað.

Hringlaga sjóaraspeglar sem eru hengdir upp með leðuról hafa líka átt vinsældum að fagna og sjást oftar en ekki á baðherbergjum en fara líka vel í forstofunni eða svefnherberginu. Þeir minna á hringlaga káetuglugga og setja sterkan svip á umhverfið. Þá eru sífellt fleiri farnir að lífga upp á baðherbergið með grænum plöntum. Lifandi plöntur geta þó verið viðkvæmar fyrir gufu og hitabreytingum á baðinu, sem eru óhjákvæmilegar, og því ráð að velja harðgerða tegund eða gerviblóm.



GRANÍTSMIÐJAN

Borðplötur í eldhús
& baðherbergi
Vegg- og gólfklæðningar
Sérsmíði

www.granitsmidjan.is



SMÍÐSBÚÐ 3 | 210 GARÐABÆ



+354 571 4300



granitsmidjan@granitsmidjan.is

BÍLAR & FARARTÆKI

bilfang.is
S. 567 2000



ALVÖRU TILBOÐ !

M-Benz GL Bluetec 4Matic Diesel árg 07/2014 ek 63 þ.km, 7 manna með öllu ! Nývirði ca 18.8 mil OKKAR VERÐ 10.9 mil !!!

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag!
www.bilfang.is

KRÓKUR



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

Bílar til sölu



FRÁBÆR SNATTARI !!!

Kia Rio LX 2015, 1,4 dísel, hvítur, beinskíptur, ekinn 53 þús. km. Sumar- og nagladekk fylgja. Verð 1.950.000,-. Uppl. í s. 7736898



ROVER 75, lúxusbíll árg.2001 dísel, dökkblár, ljós leðurklæðning, falllegt eintak og vel með farinn. Sparneytinn. Framhóladrífinn. sk.2017. stgr.800 þús Bein sala eða skipti. Uppl. í síma 776-4446

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Vinnuvélar



BÍLALYFTUR- DEKKJAVÉLAR

Tveggja pósta bílalyftur 3,8T, höfum einnig dekkjavélar (affelgunar og ballance vélar) á tilboðsverði, ATH eignum en fremur vörubíla dekkjavél. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist okspares@simnet.is

Hjólbarðar



TECHKING VINNUVÉLADEKK

Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkkolludekk-hjólaskófludekk Ofi. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Ábendingahappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði

Sími 564 0400
www.bilaraf.is

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsprif - Prif eftir iðnaðarmenn thevgillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

Bókhald - Bókhald
Laun - skattframtöl.

Stjornun.is - Ármúla 38
Sími 566-5555 & 868-5555

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

VIÐ GEFUM BLEIKU SLAUFUNA MEÐ HVERJUM SELDUM BÍL Í OKTÓBER



ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN Í BODI



SUZUKI Grand vitara lux.
Árgerð 2015, ekinn 54 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 4.790.000.** Rnr.301961. Á staðnum.



TOYOTA Hilux gx.
Árgerð 2016, ekinn 10 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. **Verð 7.180.000.** Rnr.120265. Á staðnum.



NISSAN Micra visia.
Árgerð 2016, ekinn 28 Þ.KM, bensín, 5 girar. **Verð 1.650.000.** Rnr.120271. Á staðnum.



HYUNDAI Tucson 4x4.
Árgerð 2006, ekinn 121 Þ.KM, bensín, 5 girar. **Verð 990.000.** Rnr.302218. Á staðnum.



HYUNDAI Tucson premium high output nýr bíll. Árgerð 2016, ekinn 0 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 6.390.000.** Rnr.120250. Á staðnum.



HYUNDAI i30 komfort.
Árgerð 2012, ekinn 59 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. **Verð 2.190.000.** Rnr.107774. Á staðnum.



HONDA Civic 5dr.
Árgerð 2015, ekinn 15 Þ.KM, bensín, 6 girar. **Verð 2.590.000.** Rnr.107744. Á staðnum.



FORD Fiesta.
Árgerð 2016, ekinn 22 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 girar. **Verð 2.450.000.** Rnr.120262. Á staðnum.



FORD Fiesta.
Árgerð 2016, ekinn 38 Þ.KM, bensín, 5 girar. **Verð 1.990.000.** Rnr.107677. Á staðnum.



AUDI A1 sportback.
Árgerð 2016, ekinn 0 Þ.KM, bensín. **Verð 2.990.000.** Rnr.120216. Á staðnum.



BMW X5.
Árgerð 2009, ekinn 129 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 6.490.000.** Rnr.107685. Á staðnum.



CHEVROLET Spark.
Árgerð 2013, ekinn 94 Þ.KM, bensín, 5 girar. **Verð 1.180.000.** Rnr.107341. Á staðnum.



DACIA Duster 4x4.
Árgerð 2013, ekinn 148 Þ.KM, dísel, 6 girar. **Verð 1.985.000.** Rnr.106126. Á staðnum.



Opnunartímar: Mán - fös 10-18 • Lau. 12-15 • Sun. Lokað
Korputorgi - www.planid.is - Sími 517 0000

ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN Í BODI

Húsviðhald


Smíðum eftir máli

Hurðir & Gluggar
www.hurdiroggluggar.is
Kaplahauni 17 • Hafnarfirði
S: 565 4123 • eljo@internet.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK
- FLOTUN SANDSPARSL -
MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

SMÍÐSKRAFTUR EHF.

NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagning og allt almennt viðhald.

Uppl. í s. 663 3944 Ingi

smidskraftur@gmail.com

Alhliða verktakar

Verkefni óskast
Almenn smíðavinna,
inni sem og úti. Stór
sem smá verkefni
koma til greina.
Uppl. í s. 846 7622



k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málnun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði. S. 616 1569

Spádómar


**PÓRA FRÁ BREKKUKOTI
SPÁMIÐILL**

- SPÁÍ Í SPIL
- OG KRISTALSKÚLU
- HEILUNAR TÍMAR
- FYRIRBÆNIR
- ALGJÖR TRÚNAÐUR

Sími 618 3525
www.engill.is



Nympha-dora
Tarot-lesur og Kristalkúla
með leiðsögn að handan

VISA 562 8211 EURO

SÁ SÍMASPÁ Í

S. 844 6845 / 462 4564

Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjódum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com



**ENDURNÝJUN
OG VIÐHALD**
Löggiltur rafverktaki

Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is

RAFSÓL
Siðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

**RAFLAGNIR OG
DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímaakerfi, töfluskípti. Löggiltur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**KEYPT
& SELT****Til sölu**

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Þöntunarsími: 8676677

Óskast keypt**KAUPUM GULL -
JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjalddeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Hljóðfæri**HYUNDAI PÍANÓ +
LEÐUR STÓLL**


HYUNDAI píanó til sölu (h:120cm b:150cm), ásamt bólstruðum leður stóli. Verð 220þús eða tilboð. Uppl. í s. 663 3313 / 863 4291

Vélar og verkfæri


Sagarblöð í steinsagir

ASADU
QUALITY TOOLS

Ásborg
Smíðjuvegi 11 Gul gata Kóp. Sími 564 1212

Til bygginga**HARÐVIÐUR TIL
HÚSABYGGINGA. SJÁ
NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnaskæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarólfa. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl. hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA**Nudd**

Thailenskt Heilsunudd hjá Joomjan Suðurlandsbraut 16. Pantanir í síma 8923899.

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

til sölu**VERSLUNARTÆKNI****Ryðfrítt vinnu-
borð m.hillu**

WT03-7-9 70x90
WT03-7-12 70x120
WT03-7-16 70x160
WT02-7-18 70x180

**Alvöru tæki
á góðu verði****7 Cold Line Smart**

Cold Line Smart Stálskápar með stál eða glerhurð í tveimur stærðum. 700 eða 1400 lítra - Hægt að fá sem kællir eða sem frystir - Hæð: 2020mm - Dýpt: 585mm Breidd: 710mm / 1420mm Stillanlegir stálfætur - 4 hillur í skáp

**Ryðfrítt stál-
borð m.vaski**

XT04-7-12 70x120
með vaski vinstra megin
XT04-7-12 R 70x120
með vaski hægra megin
XT04-7-15 70x150
með vaski vinstra megin
Xt04-7-15 R 70x150
með vaski hægra megin

**ALSTACO**

Uppþvottavélar fyrir allar stærðir atvinnueldhúsa og mótuneyta.



VERSLUNARTÆKNI
Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is



Þöntunarsími: 535 1300

Sjáðu heimasíðuna
www.verslun.is

**SKÓLAR &
NÁMSKEIÐ****Ökukennsla**

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökuþróf og aksturmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI**Húsnæði í boði**

TIL LEIGU Á NÝBÝLAVEGI
150 fm verslunar og lager húsnæði

430 fm atvinnuhúsnæði

285 fm Kistumelur 14

Hafsteinn 690 3031

Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.BUSLÓDAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mánn. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

WWW.GEYMSLAEITT.IS

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!
á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S: 564-6500

ATVINNA**Atvinna í boði**

Óska eftir húsnæði fyrir erlenda starfsmenn. Uppl. í s: 899-9177

Píratar bjóða frjálslar handfæraveiðar ófugt við XD. XB og viðreisn.

ER UNGLINGURINN DÝR Í REKSTRI – KOMINN TÍMI Á ÚTBURÐ?

Við erum að leita að duglegu og ábyrgu fólki til að bera út blöð í þínu nágrenni milli klukkan 6 og 7 á morgnana, mánudaga til laugardaga. Hressandi göngutúr í fersku lofti sem gæti jafnvel skilað sér í betri afköstum í skólanum.

Sæktu um á www.postdreifing.is

Nánari upplýsingar í síma 585 8330.

ÖLLUM BLAÐBERUM OKKAR STENDUR TIL BOÐA GLÆSILEGUR SÍMA-FRÍÐINDA-PAKKI OFAN Á LAUNIN.

GETUR KOMIÐ SÉR VEL FYRIR UNGLINGINN - OG FORELDRANA.

FRÍ

símtöl innanlands

FRÍ

SMS/MMS

1GB

inneign

5GB

að auki fyrir vel unnin störf

2.000kr.

inneign í Gomobile

 Sjáðu allt um fríðindapakkann á Facebooksíðu okkar.

 Síminn



Íslensku liðin hlutu fern verðlaun á EM sem lauk um helgina. Hér sjást fyrirliðar liðanna með verðlaunapeninga sína en þær eru frá vinstri: Hekla Mist Valgeirsdóttir (stúlkalið), Andrea Sif Pétursdóttir (kvennalið), Margrét Lúðvígisdóttir (blandað lið fullorðinna) og Tanja Ólafsdóttir (blandað lið unglinga). FRÉTTABLAÐIÐ/STEINUNN ANNA

Sterkar stelpur að koma upp

Ellefta Evrópumótinu í hópfirmleikum lauk í slóvensku borginni Maribor á laugardaginn. Ísland sendi fjögur lið til keppni og þau komust öll á verðlaunapall. Framtíðin er björt en það má ekki sofna á verðinum.

Ingví Þór Sæmundsson
Skrifur frá Maribor



„Fyrir mótið hefði ég ekki endilega búist við að öll liðin sem við sendum til keppni kæmst á verðlaunapall. Ég held við getum verið mjög ánægð með árangur íslensku liðanna í heild, þótt okkur hafi langað mikið í gullið í kvennakeppninni,“ sagði Ása Inga Þorsteinsdóttir, aðalfararstjóri íslenska hópsins og fyrrverandi landsliðsþjálfari, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Blönduðu liðin unnu bæði til bronsverðlauna; í fyrsta sinn í fullorðinsflokki og annað sinn í röð í unglíngaflokki. Stúlkaliðið vann nokkuð öruggan sigur í sínum flokki en kvennaliðið þurfti að sjá á eftir gullinu í hendur Svía, líkt og á EM á Íslandi fyrir tveimur árum.

Smáatriði skildu á milli

Kvennaliðið, sem vann til gullverðlauna á EM 2010 og 2012, ætlaði sér að endurheimta gullið og virtist á góðri leið með það. Stelpurnar urðu eftar í undankeppninni og bættu árangur sinn á dýnu og trampólíni í úrslitunum. En gólfæfingarnar urðu íslenska liðinu að falli.

Þær fengu 21,916 stig fyrir gólfæfingarnar, sem þykir býsna gott, en sænsku stelpurnar toppuðu þær íslensku með því að fá 22,650 í einkunn. Á endanum munaði 0,284 í einkunn á Íslandi og Svíþjóð.

Flest lið hefðu tekið silfrinu fegins hendi en eftir árangur síðustu ára skilur 2. sætið eftir beiskt bragð í munni. Ása segir að stelpurnar séu aðallega svektar út í sjálfar sig.

„Það voru smávægileg mistök á trampólíni, dansi og dýnu og ef þú hefðir núllað eitthvað af þessu út hefðu þær verið efst á pallinum. Þær gera alltaf miklar kröfur til sín og ég held að þær séu ekkert svektar með að Sviarnir hafi staðið sig frábærlega, heldur út í sjálfar sig,“ sagði Ása.

Uppgangur Breta

Hún segir að breiddin sé að aukast í áhaldafimleikum og til marks um það nefnir hún uppgang Breta sem sendu lið til keppni í öllum flokkum og unnu til bronsverðlauna í drengjaflokki.

„Það var mjög gaman að sjá hvað Bretar eru að koma sterkir inn. Uppbyggingin þar er gríðarleg og ég myndi halda að Bretar myndu blanda sér í toppbaráttuna í öllum flokkum á næsta EM,“ sagði Ása.

Framtíðin björt

Að hennar mati er framtíðin björt í íslenskum hópfirmleikum.

„Við megum ekki gleyma því, þótt það séu þarna stelpur sem hafa farið á fjögur Evrópumót, að liðið er ungt. Ég held að við ættum að vera bjartsýn og halda áfram uppbyggingunni,“ sagði Ása en elstu stelpurnar í kvennaliðinu eru fæddar 1993 og því aðeins 23 ára gamlar. Og hún á von á að fleiri öflugar stelpur séu að koma upp, sem sjáist á árangri stúlkalandslíðsins.

„Það er fullt af flottum og mjög sterkum stelpum að koma upp þar þannig að ég held að framtíðin sé björt. En við megum ekkert slaka á, sérstaklega í ljósi þess að það eru fleiri þjóðir að koma sterkar inn. Þetta er ekki lengur bara keppni á

Þrjár í úrvalsliði EM

Þrjár íslenskir keppendur voru valdir í úrvalslið Evrópumótsins 2016 í hópfirmleikum. Þetta voru þær Andrea Sif Pétursdóttir, Kolbrún Þöll Porradóttir og Valgerður Sigfinnsdóttir.

Stjórnustelpurnar Andrea Sif og Kolbrún Þöll voru einnig í úrvalsliði EM 2014 sem var haldið á Íslandi. Sú síðarnefnda var sú eina úr unglíngaflokki sem var valin í úrvalsliðið 2014.

Ísland átti einnig þrjá fulltrúa í því liði en auk Andreu Sifjar og Kolbrúnar Pallar var Sólveig Bergsdóttir valin í úrvalsliðið 2014. Sólveig var einnig hársbreidd frá því að komast í úrvalsliðið á EM í Slóveníu í ár.

Magakveisa í Maribor

Að morgni laugardags, lokadags Evrópumótsins, fengu nokkrir liðsmenn Íslands magakveisu. Ein stúlka gat ekki keppt og annar drengur keppti veikur. Magakveisan herjaði einnig á dönsku og finnsku liðin en grunur leikur á að um matareitrun hafi verið að ræða.

Þessar fréttir komu undirrituðum ekki beint óvart eftir að hann snæddi í mötuneytinu í Lukna höllinni í Maribor. Það var aðeins í eitt skipti og það var meira en nóg. Maturinn var nefnilega heldur ólystugur og ekki besta næringin fyrir afreksþróttafólk.



Við megum ekkert slaka á, sérstaklega í ljósi þess að það eru fleiri þjóðir að koma sterkar inn. Þetta er ekki lengur bara keppni á milli Norðurlandþjóðanna.

Ása Inga Þorsteinsdóttir

» Ísland kemur í fyrsta sinn heim með fern verðlaun frá Evrópumótinu eða gull, silfur og tvö brons.

milli Norðurlandþjóðanna,“ sagði Ása en þrátt fyrir að breiddin sé að aukast í greininni er staðreyndin sú að Danmörk, Svíþjóð, Noregur og Ísland unnu 17 af 18 verðlaunum sem í boði voru á EM í Maribor.

Íslenskt karlalið eftir tvö ár Ísland sendi ekki lið til leiks í karlaflokkunum í ár, þótt stefnt hafi verið að því. Ása vonast til að Ísland tefli fram karlaliði á næsta Evrópumóti sem fer fram að tveimur árum liðnum.

„Ég held að við eigum að geta gert það. Það var markmiðið núna. Við ætlum að fara með fimm lið en því miður komu upp meiðsli og nokkrir strákar þurftu að draga sig út. Við eigum að geta verið með fimm lið næst,“ sagði Ása sem ber þá von í brjósti að árangur blönduðu liðanna á EM í Maribor verði strákum í greininni heima á Íslandi hvatning.

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Chelsea	3–0	Leicester
Stoke	2–0	Sunderland
Bournemouth	6–1	Hull
Arsenal	3–2	Swansea
Man. City	1–1	Everton
WBA	1–1	Tottenham
Crystal Palace	0–1	West Ham
Middlesbr.	0–1	Watford
Southampton	3–1	Burnley

Efst

Man. City	19	Hull	7
Arsenal	19	Middlesbr.	7
Tottenham	18	Stoke City	6
Liverpool	16	Swansea	4
Chelsea	15	Sunderland	2

Hvað gerði Gylfi?

Gylfi Þór Sigurðsson var að vanda í byrjunarliði Swansea og skoraði glæsilegt mark í 3-2 tap á móti Arsenal. Gylfi minnkaði muninn í 2-1 á 38. mínútu.



Stærstu úrslitin Chelsea vann öruggan 3-0 sigur í uppgjöri meistara síðustu tveggja ára. Englandsméistarar Leicester eru stiglausir í fyrstu fjórnum útleikjum tímabilsins og markatalan er -10 (3-13.)

Hetjan Maarten Stekelenburg varði tvær vítaspurnar frá liðsmönnum Manchester City og bjargaði stigi fyrir Everton á móti topplíðinu.

Kom á óvart Bournemouth skoraði sex mörk í stórsigri á Hull eða jafnmörg mörk og liðið hafði skorað í fyrstu sjö umferðum tímabilsins.

Olis-deild karla í handbolta

Fram - Akureyri 29-28

Markahæstir: Þorsteinn Hjálmarsson 8, Sigurður Þorsteinsson 6, Elias Bóasson 4, Andri Þór Helgason 4, Arnar Birkir Hálfánsson 4 - Karolis Stropus 8, Andri Snær Stefánsson 5.

ÍBV - Valur 27-30

Markahæstir: Sigurbjörgur Sveinsson 8, Theodor Sigurbjörnsson 5/4, Agnar Smári Jónsson 5 - Anton Rúnarsson 8/2, Vignir Stefánsson 8, Josip Juric 5, Sveinn Aron Sveinsson 4

Efri

Afturelding	12	Fram	7
ÍBV	9	FH	7
Stjarnan	8	Selfoss	6
Valur	8	Haukar	4
Grótta	7	Akureyri	2

Olis deild kvenna í handbolta

Fram - Grótta 20-19

Markahæstar: Steinunn Björnsdóttir 7, Ragnheiður Júlíusdóttir 4, Hildur Þorgeirsdóttir 3 - Sunna María Einarisdóttir 6, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 6, Emma Havin 3.

Selfoss - Fylkir 30-24

Markahæstar: Hrafnhildur Hanna Prastardóttir 8, Kristrún Steinþórsdóttir 8, Carmen Palamariu 7, Adina Maria Ghidoarca 4 - Thea Imani Sturludóttir 8, Þuridur Guðjónsdóttir 5.

Stjarnan - ÍBV 40-30

Markahæstar: Stefania Theodorisdóttir 10, Raket Dögg Bragadóttir 7, Þorgeir Anna Atladóttir 5, Hanna Guðrún Stefánisdóttir 4 - Ester Oskarsdóttir 9, Sandra Erlingsdóttir 8, Sandra Dis Sigurðardóttir 5.

Haukar - Valur 23-22

Markahæstar: Maria Ines Da Silve Pereira 6, Elin Anna Baldursdóttir 5 Guðrún Erla Bjarnadóttir 5 - Kristín Guðmundsdóttir 9, Diana Satkauskaite 5, Diana Dögg Magnúsdóttir 3.

Efri

Fram	9	ÍBV	6
Haukar	8	Grótta	2
Stjarnan	7	Selfoss	2
Valur	6	Fylkir	0

Í dag

19.00 Liverpool - Man. Utd Sport
21.00 Messan Sport

Panasonic

Snjallari vernd fyrir heimilið þitt og sumarhús

Áhyggjulaus brottför, örugg heimkoma – allan sólarhringinn. Með Panasonic SmartHome heimavarnarkerfinu skilur þú heimilið eftir í öruggum höndum, því þú tekur það með þér í snjallsímanum. Engin mánaðargjöld og endalausir möguleikar á að bæta við kerfið.



Við kerfið er hægt að tengja snjall rafmagnstengi, þráðlaust lykklaborð, innisírenu, inni- og útimyndavélar, fjarstýringu, segul- vatns- og rúðubrotsskynjara.



SMART HOME

Smart Home Grunnpakki

Heimastöð, hreyfiskynjari og segulskynjari fyrir glugga og dyr.

VERÐ **29.995**



SMART HOME

Smart Home Myndavélapakki

Heimastöð, SmartPlug rafmagnstengi, innimyndavél og tveir segulskynjarar fyrir glugga og dyr.

VERÐ **59.995**

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

Panasonic

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1091 - Sterkur hvirfilbylur skall á London. Tveir létu lífið.

1755 - Kötlugos hófst og stóð fram í febrúar með miklu öskufalli. Gosið er talið mesta öskugos í Kötlu á sögulegum tímum.

1814 - Átta manns drukkuðu þegar bjórgeymsla í London sprakk. Tæplega 1,5 milljón lítrar af bjór flæddu um stræti borgarinnar.


1860 - Fyrsta opna breska meistaramótið í golfi hófst.

1971 - OPEC-ríkin hætta að selja Vesturlöndum olíu.

1979 - **Móðir Teresa** hlaut friðarverðlaun Nóbels.

1989 - Sterkur jarðskjálfti reið yfir San Francisco og olli 63 dauðsföllum.

2003 - Friðarboginn, samtök hinsegin fólks í Færeyjum, voru stofnuð.



Okkar ástkæri faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

Örn Geirsson

Gullsmára 9, Kópavogi,

lést 14. október á líknardeild
Landspítalans. Jarðarförin verður
auglýst síðar.

Kristjana Arnardóttir
Kristín Arnardóttir
Örn Arnarson
Þróstur Arnarson
Björk Arnardóttir
Sigfríð Eik Arnardóttir

Guðmundur Hagalín
Smári Björgvinsson
Margrét Stefánsdóttir
Hrefna Magnúsdóttir
Hliðar Kristjánsson
Ómar Svavarsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Útför elskulegrar ömmu minnar,
systur, mágkonu og frænku,
Sigríðar Björnsdóttur
(Siddu)

sem lést 6. október síðastliðinn fer
fram frá Seljakirkju föstudaginn
21. október nk. og hefst athöfnin kl. 15.00.

Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnst
hennar er bent á styrktarsjóð Skógarbæjar.

Daniel Heiðar Tómasson

Dagný Björnsdóttir
Pétur H. Björnsson
Helga Björnsdóttir
Björn Logi Isfoss

Ragnar Guðmundsson
Sigurdis Sigurbergisd.

Katarína Isfoss
og systkinabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, systir, mágkona,
amma og langamma,
Kolbrún Ingjaldsdóttir

Hólmvaði 8a, Reykjavík,

lést 9. október á Landspítala Fossvogi
umvafin ástvinum sínum. Jarðarförin fer
fram mánudaginn 24. október klukkan 11.00
frá Bústaðakirkju. Blóm og kransar afþakkaðir, þeim sem
vilja minnst hennar er bent á MS- félagið.

Kári Snorrason

Snorri Kárason
Brynhildur Káradóttir
Helga Káradóttir
Ingjaldur Kárason
Kári Kárason
Pálrún Ingjaldsdóttir
Brynhildur Bára Ingjaldsdóttir

Magdalene Kárason

Eva Hrund Pétursdóttir

Birgir Styrmisson
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

